

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA

10
JÚNÍ 1991



BLIKI er gefinn út af dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmslegt er að fuglum lýtur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með giróseðli. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Ævar Petersen (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Fráinsson og Kjartan G. Magnússon.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Laugavegi 105, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími (91)-29822.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar formanni ritnefndar á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust.

Ábyrgðarmaður: Ævar Petersen.

Setning: BLIKI.
Spaltagerð: Prentsmiðjan Oddi hf.
Umbrot: BLIKI / Prentþjónustan hf.
Filmgerð: Prentþjónustan hf.
Litgreining: Prentþjónustan hf.
Prentun: Prentsmiðjan Edda.
Bókband: Prentsmiðjan Edda.

© 1991 BLIKI
ISSN 0256-4181

Forsíðumynd:
Gráhegri á ísskör.
Brúnalaug í Öngulstaðahreppi, Eyf.
Febrúar 1988.

BLIKI is published by the Icelandic Museum of Natural History, Department of Zoology, in cooperation with the Icelandic Society for the Protection of Birds, and bird observers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided, except for some shorter notes.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0).

Editorial board: Ævar Petersen (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Fráinsson, and Kjartan G. Magnússon.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Museum of Natural History, PO Box 5320, 125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered. Authors are provided with 25 reprints of their contributions, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý), are used in all Icelandic and foreign texts. In the references "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Hunangsflugnabú í hreiðrum spörfugla

Inngangur

Hunangsflugan *Bombus jonellus* (Kirby) er útbreidd gaddvespa (Aculeata, Hymenoptera) hér á landi og eina innlenda hunangsflugutegundin. Hún er algeng þar sem hentugar fæðuplöntur er að finna, en það eru einkum víðir *Salix* og birkitegundir *Betula* (Petersen 1956).

Tvær tegundir hunangsflugna til viðbótar eru til hér á landi. Báðar eru tilþöglulega nýir landnemar og enn sem komið er að mestu bundnar við þéttbýli (Erling Ólafsson 1979, Prýs-Jones, Erling Ólafsson & Kristján Kristjánsson 1981). Ekki verður frekar fjallað um þessar nýju tegundir hér á eftir.

Drottningar hunangsflugna fara vanalega á kreik á tímabilinu frá seinni hluta maí til fyrri hluta júní (Prýs-Jones, Erling Ólafsson & Kristján Kristjánsson 1981). Fljótlega taka þær til við að byggja sér bú, sem er oftast komið fyrir í holu í jörð, undir steini, í skurðbakka eða vegg (Erling Ólafsson 1979). Fyrir kemur að hunangsflugur byggi bú undir sumarþöðum.

Hér er greint frá athugunum á hunangsflugubúum í hreiðrum spörfugla.

Fyrri athuganir

Þann 27. maí 1987 vorum við að athuga skógarþresti *Turdus iliacus* í trjáræktarreitnum við Víðifell í Fnjóskadal, S.-Þingeyjarsýslu. Rákumst við þá á skógarprastarhreiður sem í var hunangsflugubú. Drottning flaug úr því og hvarf. Engin egg voru í hreiðrinu, sem var í grenitré, en það hafði þó greinilega verið byggt skömmu áður. Tókum við hreiðrið (sem er varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands) til frekari athug-


unar, en það er byggt úr sinu. Búið er úr sama efni og hefur hunangsflugan líklega notað efni úr hreiðrinu til að byggja það. Bygging þess var nýlega hafin, þar eð aðeins eitt hólf var tilbúið, en vanalega eru allmörg hólf í búum hunangsflugna.

Á liðnum árum hefur annar okkar (ST) oft fundið hunangsflugubú í hreiðrum spörfugla í Þingeyjarsýslu, en eingöngu í hreiðrum í trjám. Oftast hafa þau verið í hreiðrum músarrindla *Troglodytes troglodytes* (s.s. í Vaglaskógi, á Végeirsstöðum í Fnjóskadal og að Ystafelli í Kinn), en einnig í skógarprastarhreiðrum (m.a. í Vaglaskógi). Bú í músarrindilshreiðrum hafa t.d. fundist á hverju ári í Vaglaskógi síðan 1978, einkum í hreiðrum frá fyrri árum. Sumarið 1988 fannst bú í skógarprastarhreiðri í furu í skógræktarreitnum við Halldórsstaði í Bárðardal.

Þessar fyrri athuganir urðu til þess, að við ákváðum að kanna nánar tíðni hunangsflugubúa í hreiðrum spörfugla sumarið 1989. Ofangreind tilvik bentu til þess, að bú myndust alloft í slíkum hreiðrum. Okkur þykir tilhlýðilegt að greina frá þeim gögnum sem við höfum nú undir höndum, en hunangsflugubúa í hreiðrum hefur aldrei verið getið áður á prenti hérlendis.

Athuganir sumarið 1989

Tíðni hunangsflugubúa í hreiðrum spörfugla var könnuð í Fnjóskadal, S.-Þingeyjarsýslu, og í Eyjafirði í maí og júní 1989. Aðal athugunartímabilið var 30. maí til 18. júní, en einnig eru til stakar athuganir frá 22. og 27. júní. Langflest hreiður sem fundust voru



1. mynd. Staðsetning athugunarsvæða á Norðurlandi. – Location of the study areas in N Iceland.

skógarþrastarhreiður, en einnig fundum við hreiður músarrindils, auðnutittlings *Acanthis flammea*, þúfutittlings *Anthus pratensis* og maríuerlu *Motacilla alba*.

Tíðni

Tafla 1 sýnir fjölda hunangsflugubúa í skoðuðum hreiðrum, en staðsetning athugunarsvæða er sýnd á 1. mynd.

Hunangsflugubú fundust í þremur músarrindilshreiðrum og einu skógarþrastarhreiðri af tæplega 200 hreiðrum sem voru skoðuð. Fimmta búið sem við fundum sumarið 1989 var einnig í músarrindilshreiðri. Það var á Végeirsstöðum 27. júní en er ekki getið í töflunni, þar eð það fannst utan aðal athugunartímans.

Hunangsflugur völdu greinilega hreiður músarrindla mun oftar en hreiður skógarþrastar og auðnutittlings. Bú voru í þriðjungi fundinna músarrindilshreiðra (3 af 9), en tæpum helmingi, sé

búið frá 27. júní einnig talið með. Bú hafa án efa komið í fleiri hreiður eftir 18. júní, bæði músarrindilshreiður og hreiður annarra fugla.

Of fá hreiður voru skoðuð til þess að slá einhverju föstu um hinar tegundirnar þrjár, en bú fundust a.m.k. ekki í hreiðrum þeirra 1989. Við vorum óheppnir að geta ekki skoðað fleiri auðnutittlingshreiður en átján. Ástæðan var sú, að auðnutittlingar urpu í langtum minna mæli sumarið 1989 en undanfarin ár (Sverrir Thorstensen, í undirbúningi). Auk hreiðra í ofangreindri töflu, skoðaði annar okkar (ST) um 20 þúfutittlingshreiður við Úlfsbæ í Bárðardal 22. júní 1989. Í þeim fundust engin bú, en við því var heldur ekki að búast, þar eð þungar voru í þeim öllum.

Staðsetning hreiðra

Einn þeirra þátta sem skýrt getur mun á tíðni búa eftir fuglstegundum er staðsetning hreiðra. Hún getur skipt miklu máli um það, hvort hunangsflugur setjist að í þeim eða ekki. Þessi munur getur t.d. verið til kominn vegna þess að fuglar verpa í mismunandi kjörlendi. Einnig er breytilegt hvort hreiður séu á jörðinni eða frá jörðu, s.s. í trjám og á húsum. Langflest hreiðra sem við skoðuðum voru í trjám.

Auðnutittlingar byggja ætíð hreiður í trjám, og þar voru öll hreiðrin sem fundust 1989. Eitt maríuerluhreiðranna var í varpkassa, eitt í gömlu skógarþrastarhreiðri í tré en hin tvö utan á gripahúsi. Af 156 skógarþrastarhreiðrum voru 15 (10%) á jörðinni, þ.a. 1 í hrúgu afhögginna greina og 5 í hraunkanti, en hin öll, 141 (90%), í trjám, einkum greni. Þetta er svipað hlutfall og í Skógræktinni í Fossvogi (Reykjavík), þar sem 84% hreiðra skógarþrastar voru í trjám árið 1974 en 96% árið 1975 (Ævar Petersen & Skarphéðinn Þórisson, handrit).

Eitt músarrindilshreiðranna (11%) var í sprungu í kletti, en öll hin 8 (89%)

Tafla 1. Fjöldi hunangsflugubúa í spörfuglshreiðrum í S.-Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum á tímabilinu 30. maí – 18. júní 1989. Fyrri talan er fjöldi hreiðra sem var athugaður, en sú seinni er fjöldi þeirra sem var með búi. – *The frequency of Bombus jonellus (Hymenoptera) colonies in passerine nests in S Þingeyjarsýsla and Eyjafjarðarsýsla counties during 30 May – 18 June 1989. The first figure constitutes the sample size, and the latter represents the number of nests containing bumblebee colonies.*

	Skógarþr. T. iliacus	Auðnut. A. flavus	Mariu. M. alba	Þúsar. Tro. tro.	Þúfur. A. pra.
Heildarfjöldi hr./Total no. of nests examined(1)	156	18	4	9	1
Viðifell 5.6.:					
- Ný hreiður/Ne. nests(2)	18/0	1/0	1/0	0/0	0/0
- Gömul hreiður/Old nests(2)	1/0	1/0	1/0	0/0	0/0
Gautsstaðir 5.6.:					
- Ný hreiður/Ne. nests	20/0	3/0	0/0	0/0	1/0
- Gömul hreiður/Old nests	15/0	2/0	0/0	0/0	0/0
Svertingsstaðir 5.5.:					
- Ný hreiður/Ne. nests	10/0	0/0	0/0	0/0	0/0
- Gömul hreiður/Old nests	8/0	2/0	0/0	0/0	0/0
Svertingsstaðir 10.6.:					
- Ný hreiður/Ne. nests	10/0	0/0	1/0	0/0	0/0
- Gömul hreiður/Old nests	4/0	0/0	0/0	0/0	0/0
Vaðlareitur 11.6.:					
- Ný hreiður/Ne. nests	6/0	1/0	0/0	0/0	0/0
- Gömul hreiður/Old nests	4/0	3/0	0/0	0/0	0/0
Höfði 12.6.:					
- Ný hreiður/Ne. nests	18/0	0/0	0/0	0/0	0/0
- Gömul hreiður/Old nests	-/(3)	0/0	0/0	3/0	0/0
Végeirsstaðir 5.6.:					
- Ný hreiður/Ne. nests	21/0	0/0	0/0	0/0	0/0
- Gömul hreiður/Old nests	7/0	5/0	0/0	1/0	0/0
Végeirsstaðir 14.6.:					
- Ný hreiður/Ne. nests	38/1(3%)	0/0	1/0	0/0	0/0
- Gömul hreiður/Old nests	8/0	0/0	0/0	1/0	0/0
Vaglaskógur 18.6.:					
- Ný hreiður/Ne. nests	8/0	0/0	0/0	1/1(100%)	0/0
- Gömul hreiður/Old nests	2/0	0/0	0/0	4/2(50%)	0/0

Athugasemdir/Notes:

(1) Hreiður skógarþrastar og músarrindils á Svertingsstöðum og Végeirsstöðum voru athugað í tvígang með u.þ.b. 10 daga millibili. Hreiðrin eru aðeins talin einu sinni í tölunni um heildarfjölda. – *Nests of Redwing and Wren at Svertingsstaðir and Végeirsstaðir were checked twice at about a 10 day interval. Each nest is only counted once in the sample size figures.*

(2) Hreiður sem kölluð eru „ný“ voru talin byggð vorið 1989. Þau voru öll með eggjum eða ungunum, nema þrjú sem enn var óorpið í og eitt sem ungar voru farnir úr. „Gömul“ hreiður voru líklega öll frá sumrinu 1988. – *“New” nests were considered built in spring 1989, “old” ones during earlier breeding seasons, probably all in 1988. All the new nests had eggs or young, except three in which eggs had yet not been laid and one from which the young had already fledged.*

(3) Gömul hreiður fundust en voru ekki könnuð frekar. – *Old nests, although found, were not checked for bumblebee colonies.*



2. mynd. Hunangsflugubú í músarrindilshreiðri. – *A Bumblebee colony in a Wren's nest.*
Ljósm. Ævar Petersen.

voru í grenitrjám. Á síðari árum virðist það hafa færst vöxt, að músarrindlar geri sér hreiður í trjám. Annar höfunda (ST) fann músarrindilshreiður í tré í fyrsta sinn í Vaglaskógi sumarið 1978. Ísleifur Sumarliðason og kona hans, Sigurlaug Jónsdóttir (mun. uppl.), sáu þá sömuleiðis músarrindilshreiður í tré í fyrsta skipti, en þau fluttust í Vaglaskóg árið 1949, þegar Ísleifur tók við starfi skógarvarðar þar. Grenitrjám var fyrst plantað í Vaglaskógi laust fyrir 1950. Tré þurfa væntanlega að ná lágmarksstærð áður en þau gagnast sem hreiðurstaðir, en músarrindilshreiður í Vaglaskógi eru oftast í mannhæð frá jörðu, stundum í 3-4 m hæð.

Eina þúfuttittlingshreiðrið, sem getið í Töflu 1, var á jörðu niðri. Svo var einnig með hin hreiðrin 20 sem fundust við Úlfsbæ, eins og venja er með hreiður þessarar tegundar.

Fundartími búa

Sumarið 1989 fannst fyrsta hunangsflugubúið ekki fyrr en 14. júní. Ekkert bú fannst á tímabilinu 30. maí til 12. júní. Þetta er mjög seint miðað við það sem venjulegt er talið hjá íslenskum hunangsflugum (sbr. Prýs-Jones, Erling Ólafsson & Kristján Kristjánsson 1981). Þetta er líka seint miðað við búið sem við fundum 27. maí 1987 og áður er greint frá. Ástæðan var vafalaust óvenjukalt vor og sumar. Dagana 28. maí – 6. júní var oftast næturfrost og svalt að deginum, þrátt fyrir sólskin. Mikill snjór var víðast í Þingeyjarsýslum og Eyjafirði. Þetta tímabil bar mjög lítið á fljúgandi hunangsflugum, þrátt fyrir leit á athugunarsvæðunum og víða á nálægum slóðum. Einungis ein hunangsfluga sást 29. maí en þrjár á hverju af þremur athugunarsvæðum 5. júní.

Hreiður á Svertingsstöðum og Vé-

geirsstöðum voru skoðuð tvisvar með um 10 daga millibili. Í seinna skiptið var komið bú í eitt skógarþrastarhreiður á síðarnefnda staðnum. Í hvorugt skiptið fannst bú á fyrrnefnda staðnum, en þar voru líka skoðuð mun færri hreiður en á hinum staðnum. Músarrindilshreiðrið á Végeirsstöðum var skoðað 5. og 14. júní (sbr. töflu 1), en það var ekki fyrr en 27. júní sem hunangsflugubú var komið í það.

Athugun á búum

Hreiðrum með búum var safnað til nánari skoðunar, m.a. til þess að kanna

byggingu búanna. Niðurstöður þessara athugana eru dregnar saman í töflu 2. Hreiðrin, búin og hunangsflugurnar úr þeim eru varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands (2. mynd).

Engar aðrar hunangsflugur voru í búunum en stakar drottningar, eins og reikna mátti með. Af könnun búanna má draga nokkrar ályktanir um það, hvernig hunangsflugubú þróast á fyrstu byggingarstigum:

Drottningin vefur byggingarefnum saman í óreglulega kúlu. Í hreiðrum spörfugla virðist hún nota efnin sem hreiðrin eru byggð úr. Söfnun hunangs

Tafla 2. Athuganir á hunangsflugubúum sem fundust í spörfuglshreiðrum sumarið 1989. – *Observations on 5 Bumblebee colonies in passerine nests, collected in the summer of 1989. The contents of the table is described briefly in the English summary, but only the headings translated here.*

Fuglstegund/Species Staður, dags./Loc., date	Notkun hreiðurs/ The use of nest	Gerð og stærð bús/ Colony material and size	Fjöldi flugna/ No. of bees
Skógarþröstur. Végeirsstaðir, 14.6.	Notað, en ungar flognir. Hreiður frá 1989.	Sina, líkl. bara úr hreiðri. Hunangskökkur (7x7mm), án hólfs, 7 egg, hvít.	1 drottning
Músarrindill. Vaglaskógur, 18.6.	Fóðrað fjöðrum, notað, 7 egg. Hreiður frá 1989.	Fest við 1 egglið, í miðju hr., innan um fjaðrir. 1 hólf með hunangskökki (10x10mm), 6 lifr- ur, þ.a. 3 að dökkna. Annað hólf var í byggingu og því tóm.	1 drottning
Músarrindill. Vaglaskógur, 18.6.	Ófóðrað, ónotað. Gamalt hreiður.	Innan um mosa sem hreiðrið er byggt úr. Hólf með hunangskökki (10x8mm), 8 liffur í hring, þ.a. 6 byrjaðar að dökkna.	1 drottning
Músarrindill. Vaglaskógur, 18.6.	Ófóðrað, ónotað. Gamalt hreiður.	Vel byggð kúla úr mosa, finum práðum, smáfjöðrum o.fl. Í miðju hunangskökkur (8x7mm), án hólfs, 10 egg, öll hvít.	1 drottning
Músarrindill. Végeirsstaðir, 27.6.	Ófóðrað, ónotað. Gamalt hreiður, en var notað sumarið 1988.	Laust í sér, mest mosi úr hr., auk fjaðra og grenigreina. Erfitt að greina frá hr. Örsjár hunangskökkur (1x2mm), án hólfs, engin egg.	1 drottning

og frjókorna hefst um svipað leyti. Drottningin býr til úr þeim lítinn, ferkantaðan kökk og staðsetur hann í kúluna miðja. Fyrst í stað, meðan kökkurinn er enn lítill (1×2mm), hefur drottningin ekki orpið eggjum. Þegar kökkurinn er orðinn stærri (8×7mm), eru komin í hann 6-10 egg, sem eru hvít í fyrstu. Fljótlega klekjast úr þeim lirlfur sem dökkna og verða að púpum. Meðan þessu fer fram, heldur flugan áfram söfnun hunangs og frjókorna, og kökkurinn stækkar enn (10×8-10mm). Samtímis hefur flugan byggt fyrsta hólf búsins. Hólf er byggt utan um hvern kökk, og allar lirlfur sem þar er að finna eru á svipuðum aldri. Síðan bætast við fleiri hólf með eggjum eitt af öðru, en í þessari athugun fundust einungis bú á fyrstu byggingarstigum.

Umræða

Eins og kunnugt er, byggja spörfuglar yfirleitt vandaðar hreiðurkölfur undir egg sín. Slík hreiður geta verið hentug fyrir hunangsflugubú, og eru e.t.v. notuð oftast en tekið hefur verið eftir hingað til. Fuglaskoðarar ættu að hafa þetta í huga, þegar þeir finna hreiður. Höfundum væri mikill akkur í því, ef lesendur sem rekast á hunangsflugubú í hreiðrum létu okkur í té sem nákvæm-astar upplýsingar um tildrög.

Tíðni og fundartími búa

Niðurstöður okkar úr athugun á búum og tíðni þeirra í hreiðrum spörfugla sumarið 1989 voru mjög samstíga. Hunangsflugur voru greinilega að hefja byggingu búa í seinni hluta júní þetta ár, því öll búin fimm voru á allra fyrstu byggingarstigum. Ef árferði hefði verið eins og venja er á þessum árstíma, gerum við ráð fyrir, að fleiri bú hefðu fundist og bygging þeirra lengra á veg komin. Eflaust hafa fleiri bú verið byggð í hreiður sem við fundum eftir að athugunum okkar lauk.

Enn er ókannað hver raunverulegur

munur er á tíðni búa í hreiðrum þeirra tegunda spörfugla sem verpa á Íslandi. Við gátum aðeins athugað fá hreiður annarra tegunda en skógarþrastar. Engu að síður kom greinilega í ljós, að hunangsflugur völdu langoftast músarrindilhreiður undir bú sín.

Höfundar, sem hafa fundið hreiður spörfugla víða um land síðastliðin 20-30 ár, minnst þess ekki að hafa fundið bú í öðrum hreiðrum en þeim sem áður er getið. Flestir fuglaskoðarar sem við leit- uðum til höfðu aldrei fundið bú í spörfuglshreiðrum. Hálfán Björnsson (munnl. uppl.) hefur þó oft fundið hunangsflugubú í músarrindilhreiðrum í Örafum en aldrei í hreiðrum annarra fuglategunda. Einnig liggja fyrir upplýsingar um bú í hreiðrum annarra spörfuglstegunda frá nokkrum athugendum öðrum.

Á einu athuganasvæðanna, að Víðifelli í Fnjóskadal, man Álfhildur Jónsdóttir (munnl. uppl.) eftir að hafa tvisvar fundið hunangsflugubú í maríuerluhreiðri fyrr á árum. Annað var í hlöðnum grjóttvegg en hitt undir þakskeggi á útihúsi.

Viku af júlí 1989 uppgötvaði Kristlaug Pálsdóttir (munnl. uppl.) hunangsflugubú í þremur af sjö hreiðrum snjótitlings *Plectrophenax nivalis* við bæinn Engidal í S.-Þingeyjarsýslu. Allar flugurnar tóku sér bólfestu í hreiðrunum rétt eftir að ungar höfðu yfirgefið þau. Þau voru í hlöðnum torfvegg, þar sem Kristlaug hefur oft fundið bú í hreiðrum snjótitlinga á liðnum árum.

Tryggvi Stefánsson á Hallgilsstöðum (munnl. uppl.) man eftir hunangsflugubú í tveimur þúfutitlingshreiðrum við Þingmannalæk í Fnjóskadal. Þetta var á árunum 1950-60, og voru búin sennilega byggð eftir að ungar höfðu yfirgefið hreiðrin. Tryggvi fann einnig auðnutitlingshreiður með búi árið 1958. Það var í birkikjarri við Bjarmavöll við Fnjóská, og munu ungar hafa verið farnir úr hreiðrinu.

Staðarval búa

Hunangsflugudrottningar velja oftast staði með þröngum inngangi fyrir bú sín. Það er e.t.v. ein ástæða þess, að þær tóku músarrindilshreiður fram yfir hreiður annarra tegunda. Eins og kunnugt er, hafa hreiður músarrindla oftast þak og lítið gat á hliðinni, ólíkt hreiðrum annarra spörfugla. Ef engir aðrir umhverfisþættir kæmu til, ættu hunangsflugur allt eins geta notað maríuerluhreiður í smágötum og gjótum eða þúfutittlingshreiður í hliðum þúfna í líkum mæli og músarrindilshreiður. Hreiðuropin á þeim eru þó yfirleitt stærri en hjá músarrindli og hreiðrin opnari, og það kann að hafa áhrif á val flugnanna.

Hunangsflugubú hafa því alls fundist í hreiðrum sex spörfuglstegunda hér á landi eftir því sem við vitum best. Miðað við þau takmörkuðu gögn sem fyrir liggja, er líklegt að röðin á tíðni búa í hreiðrum hinna ýmsu tegunda spörfugla sé þessi: Langoftast í músarrindilshreiðrum en vera kann, að tíðni búa sé jafnmikil í hreiðrum snjótittlings. Næst koma skógarprastar- eða kannski maríuerluhreiður, en bú virðast sjaldan vera í þúfutittlings- og auðnutittlingshreiðrum.

Við höfum ekki haft spurnir af búum í hreiðrum steindepils *Oenanthe oenanthe*. Á því eru þó miklar líkur, þar eð flugur búa um sig í snjótittlings- og maríuerluhreiðrum, sem eru svipuð að gerð og oft staðsett á sams konar stöðum. Til þess að fá fullkomnari mynd af tíðni hunangsflugubúa, þarf að fylgjast með hreiðrum frá vori fram eftir sumri. Einnig þarf að skoða fleiri hreiður en við áttum kost á sumarið 1989.

Hvenær setjast hunangsflugur að í hreiðrum?

Hunangsflugur geta búið um sig í spörfuglshreiðrum hvenær sem er á varptíma fuglanna, og jafnframt fyrir eða eftir varp. Þær geta jafnvel lagt undir sig hreiður frá fyrri árum, enda hald-

ast hreiðurkörfur oft heilar um lengri tíma, stundum í mörg ár, eftir að ungar hafa farið úr þeim.

Flest músarrindilshreiður sem við fundum (8 af alls 9) voru gömul, eða a.m.k. frá fyrra ári. Stundum yfirgefa fuglar hreiður sín þegar þau eru í byggingu, jafnvel fullgerð hreiður. Slíkt kann hafa átt sér stað með skógarprastarhreiðrið sem við fundum 1987 og drottningin sest að í því eftir það. Stundum kemur eitthvað fyrir meðan á útungun stendur, sem verður til þess að fuglar yfirgefa egg og hreiður. Slíkt hefur e.t.v. átt sér stað með músarrindilshreiðrið sem var með eggjum í Vagla-skógi. Þá geta hunangsflugur sest að í hreiðri eftir að ungar hafa yfirgefið það. Skógarprastarhreiðrið, sem var með búi á Végeirsstöðum, var með 5 eggjum 5. júní, en 14. júní voru ungar farnir og hunangsfluga komin í það í staðinn. Sömu sögu er að segja um snjótittlingshreiðrin sem fundust í Engidal.

Enn er óljóst, hvort hunangsflugur geti beinlínis hrakið fugla á brott úr hreiðri. Slíkt kann þó að hafa átt sér stað með músarrindilshreiðrið sem var með eggjum. Þetta væri verðugt rannsóknarefni. Kukul & Pattie (1988) fundu hunangsflugubú í hreiðrum snjótittlinga á Devon-eyju á heimskautasvæði Kanada. Þar átti í hlut tegundin *Bombus polaris* Curtis, sem er óþekkt hérlendis. Egg voru í báðum hreiðrunum, og var talið líklegt, að flugurnar hafi yfirtekið þau.

Annar kostur við músarrindilshreiður getur verið sá, að þau eru mun dýpri (og lokaðri). Hreiðurefnin eru jafnframt lausari í sér en hjá öðrum spörfuglum og því væntanlega auðveldari viðfangs fyrir flugurnar. Hreiður annarra spörfugla verða oftast fastari í sér eftir að veður og vindar hafa hamrað á þeim vetrarlangt eða lengur. Sennilega eru gömul auðnutittlingshreiður lítið notuð af þessum ástæðum. Þau eru líka mun minni, t.a.m. samanborið við skógarprastar-

hreiður, en stærð hreiðurbollans kann að hafa áhrif á staðarval drottninganna.

Fjölmargir aðrir þættir geta haft áhrif á það, í hvaða hreiðrum hunangsflugur taka sér bólfestu. Spörfuglsteindir velja sér mismunandi kjörlendi, þótt útbreiðsla þeirra skarist oftast að meira eða minna leyti. Fæðumöguleikar hunangsflugna eru vafalaust breytilegir milli kjörlenda, og þar með fjöldi flugna. Breytileg tíðni búa í hreiðrum eftir fuglategundum getur því einungis verið til komin vegna þess, að fjöldi flugna er mismunandi milli svæða. Við frekari rannsóknir þarf að taka tillit til þessa.

Þúfuttlingar eru algengastir þar sem trjákenndur gróður er strjáll, og líklega minna af þeim blómplöntum sem hunangsflugur sækja í til hunangsöflunar. Yfirleitt er gróskumeira þar sem músarrindlar, auðnutittlingar og skógarprestir halda til. Einnig ætti blómaskrúð í gördum við sveitabæi, þar sem maríuerlur, auðnutittlingar og þrestir hreiðra sig gjarnan, að freista hunangsflugna í jafnmiklum mæli. Gróska ein sér segir þó lítið um fjölda hunangsflugna, réttar plöntur þurfa einnig að vera til staðar.

Enn aðrir þættir í lífríkinu, t.d. afræningjar, kunna að hafa áhrif á það, hvar hunangsflugur setjast að og byggja bú sín. Minkur *Mustela vison* étur bæði hunangsflugur og bú þeirra (Karl Skírnisson 1979, 1980). Sama er að segja um töfu *Alopex lagopus*, eins og kom í ljós úr maga tveggja refa af 24 athuguðum (Karl Skírnisson, skrifl. uppl.). Hagamýs *Apodemus sylvaticus* gæða sér sennilega einnig á hunangsflugubúum. Hafi þessi dýr áhrif á staðarval drottninganna fyrir bú, má ætla að hunangsflugur sækist sérstaklega eftir að byggja bú sín burtu frá jörðu. Þannig verjast þær betur ásókn þessara ræningja. Fjöldi afræningja er hins vegar breytilegur, og e.t.v. endurspeglast sá munur í því, hversu algeng bú eru í hreiðrum frá jörðu, bæði milli svæða og ára.

Afrán af völdum spendýra getur verið ástæða þess, að þúfuttlingshreiður virðast sjaldan verða fyrir valinu fyrir hunangsflugubú. Hreiður þeirra eru ætíð á jörðinni. Þess ber þó að geta, að eina skógarþrastarhreiðrið sem við fundum með búi var á jörðinni, af aðeins 15 slíkum. Aftur á móti fundust 141 þrastarhreiður í trjám, og ekkert þeirra var með búi. Öll músarrindilshreiður með búi voru í trjám.

Eflaust hafa margir umhverfisþættir samverkandi áhrif, þegar hunangsflugur velja stað fyrir bú sín. Þýðingu hinna ýmsu þátta má kanna með beinum athugunum og tilraunum. Til dæmis má bera saman tíðni búa í skógarþrastarhreiðrum í trjám og á jörðu á sama svæði. Hæð hreiðra frá jörðu kann einnig að skipta máli. Það atriði er unnt að athuga með því að koma hreiðrum fyrir mishátt frá jörðu. Ennfremur má breyta stærð hreiðurops til þess að sjá, hvort staðarval búa fari eftir stærð þess.

ÞAKKIR

Þeir sem aðstoðuðu við athuganir sumarið 1989 eiga þakkir skildar. Einnig þökkum við öðrum athugendum veittar upplýsingar. Karli Skírnisssyni þökkum við góðar ábendingar við yfirlestur.

HEIMILDIR

- Erling Ólafsson 1979. Um geitunga (Hymenoptera, Vespidae) og skyldar gaddvespur á Slandi. Náttúrufr. 49(1): 27-40.
- Karl Skírnisson 1979. Nokkrar athuganir á krufðum minkum (*Mustela vison* Schreber) á Slandi. Líffræðistofnun háskólans. Handrit.
- Karl Skírnisson 1980. Fæðuval minks við Sogið. Náttúrufr. 50(1): 46-56.
- Kukal, O. & D.L. Pattie 1988. Colonization of Snow Bunting, *Plec rophenax nivalis*, nests by Bumblebees, *Bombus polaris*, in the High Arctic. Canadian Field-Naturalist 102(3): 544.
- Petersen, B. 1956. The Zoology of Iceland. Vol. III, part 49-50. Hymenoptera. 176 bls.
- Þrýs-Jones, O.E., Erling Ólafsson & Kristján Kristjánsson 1981. The Icelandic Bumble Bee fauna (*Bombus* Latr., Apidae) and its distributional ecology. J. Apicult. Res. 20(3): 189-197.

Sverrir Thorstensen. Stórfellt hrun í auðnutittlingsstofninum. undirbúningi.

Ævar Petersen & Skarphéðinn Þórisson. The breeding biology of Icelandic Redwings (*Turdus iliacus coburni*). Handrit.

SUMMARY

Bumblebee *Bombus jonellus* (Kirby) colonies in passerine nests

Bombus jonellus (Kirby) is widespread in Iceland, and the only indigenous bumblebee (Aculeata, Hymenoptera) species. It normally places its colonies in the ground or walls (Petersen 1956, Erling Ólafsson 1979, Prýs-Jones, Erling Ólafsson & Kristján Kristjánsson 1981).

In earlier years bumblebee colonies have been recorded in passerine nests in Iceland on a number of occasions, primarily in nests of Wren *Troglodytes troglodytes*, but also of Redwing *Turdus iliacus*, White Wagtail *Motacilla alba*, Meadow Pipit *Anthus pratensis*, Redpoll *Acaethya flavicollis*, and Snow Bunting *Plectrophenax nivalis*. We were prompted to look into the use of passerine nests by Bumblebees in more detail in the summer of 1989, mainly in the period 30 May – 18 June, but there are also individual observations from 22 and 27 June.

During the main observation period, bee colonies were only found on 14 and 18 June – none in the period 30 May – 12 June. Between 29 May and 6 June only 10 free-flying queens were seen altogether despite intensive field work over a wide area during all these days. The start of colonies was unusually late this summer, as queens normally emerge in the latter half of May to first half of June in Iceland (Prýs-Jones, Erling Ólafsson & Kristján Kristjánsson 1981). This was undoubtedly due to the very late spring and summer in Iceland that year. During 28 May to 6 June there was frost at nights, and much more snow than in normal years.

During the main observation period, 30 May – 18 June, by far the highest frequency of bee colonies was found in Wren nests (in 3 of 9 nests found, cf. Tab. 1). Of 156 Redwing nests checked, only one contained a colony. The frequency was thus much lower than in Wren nests. A fourth Wren nest contained a colony on 27 June.

No colonies were found in Redpoll, White Wagtail and Meadow Pipit nests, but sample sizes were small, or 18, 4, and 1, respectively (Tab. 1). It was evident, however, that the frequency was at least much lower in Redpoll nests compared with Wren nests. Later in the summer (on 22 June) about 20 more Meadow Pipit nests were examined. None of these contained bee colonies, not unexpectedly since all had young. At one of our study areas, Viðifell, colonies have been noted in White Wagtail nests on two occasions in

former years (Á.J. pers. comm.). Bumblebee colonies have also often been found in nests of the Snow Bunting at the farm Engidalur in S Þingeyjarsýsla, including three in summer 1989 of 7 nests found (KP, pers. comm.). During the '60s bee colonies were found twice in Meadow Pipit nests, and during 1958 in a Redpoll nest (TS, pers. comm.). To our knowledge Bumblebee colonies have therefore been found in nests of six passerine species in Iceland.

From the present data, we infer that Bumblebee colonies are by far most frequently found in Wren nests, or possibly Snow Bunting, then Redwing, or even White Wagtail nests, but rarely in Meadow Pipit and Redpoll nests.

The five nests found in 1989 with bee colonies were collected for further examination. The results are presented in Tab. 2, but summarized below: All colonies were in their initial stages of construction. The one with the smallest honeypot (1×2mm) had no eggs, others 6-10 eggs or larvae, and they had no compartments. The two colonies with the largest honeypots (10×8-10mm), had 1 and 1 1/2 compartments, respectively. Nest linings were fluffed up around the honeypots, one of which was attached to a Wren's egg. Each colony contained a single queen.

Nests can be colonized at different stages of the birds' breeding cycle, even after the birds have abandoned the nest. Three of the five colonies were in old Wren cock-nests. One was in a Redwing nest from which the young had already fledged. When first examined that nest contained 5 eggs but no colony. The fifth colony we found was in a Wren nest with 7 eggs. It is unknown for certain if bees actively displaced the birds from their nests (but see Kukul & Pattie 1988), as the nest may have been deserted prior to colonization. The 3 Snow Bunting nests discovered by KP at Engidalur in 1989, were all colonized just after the young had left the nest.

Bee queens usually select narrow entrances to their colonies. That may explain their preference for Wren nests, which are roofed with a small entrance, in contrast to those of the other passerine species. On that criterion alone they should also select Meadow Pipit, Snow Bunting and some White Wagtail nests. However, their entrances are normally wider, and their nests may therefore not be preferred to the same extent as those of the Wren. Another reason why Wren nests may be favoured could be their deeper nest cup and looser nest material, at least compared with old nests of the other passerines.

The different passerine species vary in their preferred habitat. The bees' foraging possibilities presumably also differ between localities. Wrens, Redpolls, and Redwings normally frequent habitats with more luxurious growth than Meadow Pipits and Snow Bunting, presumably also frequent-

ed by bees in greater numbers. This factor could explain some of the difference in the frequency of bee colonies in nests of different bird species but probably not to a full extent.

All the Wren nests with colonies were in trees, while the single Redwing nest found with a colony was on the ground. The ultimate reason why Bumblebees colonize passerine nests in trees may lie in their presumed greater protection against ground predators. In Iceland, these are Mink *Mustela vison* and Arctic Fox *Alopex lagopus*, both of which are known to prey on Bumblebees (Karl Skírnisson 1979, 1980, pers. comm.). Long-tailed Field Mice *Apodemus sylvaticus* possibly also prey on Bumblebee colonies. The varying num-

bers of these predators can explain differences in bee colonization of birds' nests which are situated above the ground. Predator numbers may also explain variation between localities and even between years.

A number of different ecological factors is likely to influence a Bumblebee's choice of site for its colony. Some ideas for further research are put forward.

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Sverrir Thorstensen, Stórutjamaskóli, 601 Akureyri.



Skarphéðinn Þórisson

Býsvelgur heimsækir Ísland

Þann 15. júní 1989 hringdi Bjartmar Tjörvi Hrafnkelsson á Eskifirði í mig og sagðist hafa séð skritinn og skrautlegan fugl í bænum. Ég átti leið um Eskifjörð um hádegi þennan dag og svipaðist um eftir fuglinum og fann hann fljótlega ofan við Bleiksárhlíð innarlega. Flaug hann upp í hlíðina og settist á girðingu stutt innan og neðan við foss í Bleiksá. Gat ég virt hann fyrir mér dágóða stund af þokkalegu færi, og það leyndi sér ekki að hér var á ferðinni býsvelgur *Merops apiaster*. Nokkrar myndir náðust af honum. Fuglinn flaug síðan út Bleiksárhlíð og virtist vera á höttunum eftir skordýrum, því hann bæði stoppaði í lofti og tók renniflug. Er ég hélt upp hlíðina áleiðis til Neskaupstaðar rakst ég á hann aftur, þar sem hann sat á rafmagnslínu. Þar gat ég skoðað hann í nokkurn tíma af um 80 m færi í 22x fjar-sjá. Síðan tók hann sig upp og hvarf út með Eskifirði. Bjartmar sagði, að fugl-

inn hefði haldið sig á Eskifirði í nokkra daga.

Til svelgjaættar, Meropidae, teljast 25 tegundir og lifa flestar þeirra í Asíu og Afríku. Býsvelgur (1. mynd) er 28 sm langur og mjög skærlitur. Hann er rauðbrúnn á haus og efri hluta baks en að öðru leyti gulur að ofan, nema stél er grænt. Vængir eru blágrænleitir og einnig bringa en áberandi skærgulur blettur er á framhálsi. Miðfjaðrir stéls eru áberandi langar. Bæði kynin eru eins.

Býsvelgur er eina tegund svelgja sem teygir varpheimkynni sín til Evrópu. Kjörlendi hans eru sólríkar steppur og gresjur með rjóðrum og stökum trjáum, sem hann getur tyllt sér í. Adalfæða hans eru ýmis skordýr sem hann grípur á flugi, og eru ýmsar æðvængjur í mestu uppáhaldi, einkum býflugur. Vegna þessa líta margir afrískir býflugnabændur þá hornauga. Fuglarnir gera sér hreiður í holum sem þeir grafa í sand-



1. mynd. Býsvelgur *Merops apiaster*. Teikning Jón Baldur Hlíðberg.

stein eða moldarbakka, jafnvel stundum í jörðu niður. Býsvelgir hafa alloft verpt norðan aðal útbreiðslumarka sinna, s.s. á Bretlandi 1955, Belgíu 1956, Hollandi 1964, 1965, 1983 og í nokkur skipti í Danmörku Svíþjóð og Finnlandi. Á Normandí í Frakklandi verpa nokkur þör að staðaldri. Býsvelgir hafa einnig flækst til Írlands og Noregs. Haustfar býsvelgja í Evrópu er frá miðjum ágúst fram í byrjun október, og hafa fuglar frá Suðvestur-Evrópu og Norðvestur-Afríku vetrardvöl í Vestur-Afríku norðan miðbaugs. Fuglar frá Mið-Evrópu og austar dvelja í austan- og sunnanverðri Afríku, sunnan miðbaugs, á veturna. Vorfar er í mars og apríl. Almennar

upplýsingar um lifnaðarhætti býsvelgja eru fengnar úr Cramp (1985).

HEIMILDIR

Cramp, S. (ritstj.) 1985. The Birds of the Western Palearctic. Vol. IV. Oxford.

SUMMARY

The Bee-eater *Merops apiaster* recorded in Iceland

The Bee-eater was recorded for the first time in Iceland, when a single bird was observed and photographed at Eskifjörður, E. Iceland on 15 June 1989. The bird remained in the area for several days.

Skarphéðinn Þórisson, Smárahvammi 1B, 701 Egilsstaðir

Helsingi í slagtogi með grágæsum

Athuganir 1988

Þann 12. júní 1988 kom Sigríður Helgadóttir að gæsarhreidri, sem var óvenjulegt að því leyti, að við það voru grágæs *Anser anser* og helsingi *Branta leucopsis*. Næstur kom að hreiðrinu Heimir Þór Gíslason um 17. júní og tók af því vídeómynd. Bragi Bjarnason kom síðan að því 19. júní. Hann sá helsingjann fljúga upp frá hreiðrinu, en ekki sagðist hann geta sagt um með neinni vissu, hvort fuglinn hefði legið á því.

Um kvöldið 20. júní bauð Heimir BÞ og EP að koma með og skoða hreiðrið því hann ætlaði að reyna að ná annarri mynd, þar eð sú fyrri hafði mistekist. Úr fjarlægð sást í kíkí hvar helsinginn lá en 4-5 m frá honum var grágæs á hreiðri. Flugu fuglarnir burt þegar komið var að. Í hreiðrinu voru 5 egg, sem við breiddum yfir eftir skoðun, en Heimir kom kvikmyndatökuvélinni fyrir spólkorn frá hreiðrinu. Síðan var haldið aftur í bílinn og ekið burt.

Um það bil hálfri klukkustund síðar var hreiðrið skoðað á nýjan leik. Helsinginn var á sínum stað, og grágæsin var á hreiðrinu sem fyrr. Heimir fór að myndavélinni og reyndi að láta lítið á sér bera, en þegar hann nálgadist, kom hreyfing á fuglana og þeir löbbuðu frá hreiðrinu. Reis þá önnur grágæs upp rétt hjá og fór til hinna. Síðan flugu þau öll í burtu.

Nokkrum dögum síðar fóru BÞ og EP að heiman í tvær vikur. Við heimkomuna sagðist Heimir hafa komið að hreiðrinu tvisvar aftur. Þegar hann kom að því 22. júní voru eggin enn óklakin. Þann 11. júlí sá hann hins vegar ekkert til fuglanna, en tómir eggjakoppar

bentu til þess, að ungar hefðu skriðið úr eggjunum.

Athugun á vídeómyndum

Myndir Heimis Þórs veita nokkra inn-sýn í samband helsingjans og grágæsa. Verður hér lýst í grófum dráttum hvað þær sýna.

Við fyrri myndatökuna (frá um 17. júní) hafði myndavélinni verið komið fyrir of nálægt hreiðrinu, svo álegufuglinn þorði ekki á. Myndirnar sýna þó helsingjann koma labbandi að hreiðrinu og staðnæmast 2-3 m frá því. Tvær grágæsir flugu nokkrum sinnum yfir og æstist helsinginn við það, kvakaði og teygði haus og háls í áttina að þeim. Stóð hann sífellt vörð við hreiðrið en lagðist síðan um einn metra frá því. Síðast sýnir film-an fuglinn víkja frá, þegar myndatökumaður snéri til hreiðurins á ný.

Á seinni spólunni (en þær myndir voru teknar 20. júní) kom helsinginn sem fyrir fyrstur að hreiðrinu. Var hann þarna einn um tíma, eða þar til tvær grágæsir komu og settust. Helsinginn stóð við hreiðrið, teygði fram haus og flaksaði vængjum, fyrst gegn annarri grágæsinni en síðan hinn, en grágæsirnar sýndu engin viðbrögð. Þá labbaði önnur þeirra að hreiðrinu og lagðist á það. Helsinginn hélt sig ætíð á milli grágæsanna og var órólegur. Sú grágæsín sem stóð á lengdar, 12-15 m frá, sýndi aldrei nein viðbrögð, nema þegar helsinginn stóð eitt sinn upp og rédist gegn henni og hrakti fjær. Síðan lögðust báðar niður. Þegar myndatökumaður kom til baka, stóðu fuglarnir upp, en þegar kjói *Stercorarius parasiticus* renndi sér

niður að hreiðrinu, var það helsinginn sem varði það. Gæsirnar þrjár löbðu síðan burt, grágæsirnar saman en helsinginn ögn frá. Síðast á spólunni sést hvar gæsirnar fljúga saman út yfir vatn og setjast, grágæsirnar fyrst en helsinginn á eftir.

Athuganir 1989

Hinn 28. maí fóru BÞ og EP út á Hornsfjörur, vestan við Stokksnes, og gengu frá Folaldaskeri vestur fjörur. Þegar komið var á móts við það svæði sem helsingi og grágæs voru með hreiður árið áður, sást einn helsingi á gangi með grágæs í graslendi innan við fjöruna. Fuglarnir fylgdust fast að, en önnur grágæs fylgdi þeim eftir. Milli hennar og hinna var alltaf dálítið bil. Ekki virtust fuglarnir vera með hreiður.

BÞ og EP fóru aftur á sömu slóðir 15. júní. Þá sást aftur einn helsingi með tveimur grágæsum. Fuglarnir höguðu sér líkt og í fyrra skiftið, en ekki var að sjá að þau væru með hreiður.

Ekkert fréttist frekar af þessum fuglum sumarið 1989.

Athuganir 1990

Hinn 20. maí fóru BÞ og EP á Hornsfjörur. Þar var fyrir Sverrir Aðalsteinson, sem hafði farið á bíl um graslendið norðan við fjörurnar. Var hann beðinn að láta vita, ef hann yrði var við helsingja á þessum slóðum. Um kvöldið hringdi Sverrir og sagðist hafa séð helsingja með grágæs út á fjörum. Hann hélt, að fuglarnir væru með hreiður, en var ekki viss.

Hinn 22. maí fóru BÞ og EP ásamt Sverri út á fjörur. Þegar komið var að þeim stað sem Sverrir hafði tekið mið af, þegar hann sá fuglana 20. maí, var helsinginn þar fyrir. Þegar komið var nær, sást hvar gæsin lá á hreiðri, 3-4 metra frá helsingjanum. Í hreiðrinu voru 2 egg, sem virtust nýorpin, því enginn dúnn var kominn í það. Sverrir skyggði ennfremur egginn og taldi þau

ný. Var álitíð, að þetta væru grágæsaregg, en til frekari öryggis voru þau mæld. Annað var 87 x 57 mm að stærð, en hitt 84 x 57 mm. Samkvæmt stærð voru þetta örugglega grágæsaregg, en þau eru mun stærri en egg helsingja (sbr. Cramp & Simmons 1977). Þegar komið var aftur að bílnum, voru báðir fuglarnir komnir á sinn stað.

BÞ og EP fóru aftur út á fjörur 24. maí og að hreiðrinu. Viðvörunarspjald hafði verið útbúið til þess að koma í veg fyrir að egginn yrðu tekin. Á því stóð „Vinsamlegast hreyfið ekki við þessu hreiðri, það er sambýli helsingja og grágæsar“. Þegar komið var nær hreiðrinu gekk helsinginn í rólegheitunum nokkurn spöl í burtu. Rétt á eftir flaug gæsin upp, en ekki mjög langt. Enn voru eggin tvö í hreiðrinu.

Þegar komið var nokkurn spöl í burtu, fór helsinginn að ganga rólega aftur að hreiðrinu og stansaði nálægt því. Rétt á eftir kom gæsin og lagðist á það.

Þegar farið var að nálgast útungun, fóru BÞ og EP að athuga málið enn á ný. Úr fjarlægð sást helsinginn á hreiðursvæðinu, en rétt á eftir flaug parið upp. Voru þau svo að fljúga upp og færa sig til við og við en komu ekki nálægt hreiðrinu, meðan menn voru nærri. Í hreiðrinu var eggjaskurn, og var öruggt að ungar hafi skriðið úr eggjum, þótt þeir sæust ekki. Það síðasta sem sást til fuglanna var, að þeir flugu út á Skarðsfjörð og syntu í átt frá fjörunni. Síðan hefur ekkert frést af þeim. Þetta sumar varð sú breyting á miðað við tvö fyrri sumur, að þriðji fuglinn sást ekki.

Umræða

Nokkrar spurningar verða áleitnar þegar reynt er að skýra hátterni fuglanna. Var helsinginn paraður álegufuglinum? Voru grágæsirnar par? Hvaða fuglar áttu egginn í hreiðrinu? Við þessum spurningum er erfitt að veita full-

nægjandi svör, en geta má til um atburðarásina.

Ganga má út frá því sem vísu, að álegufuglinn hafi verið kvenfugl, en hjá gæsum liggja aðeins kvenfuglar á hreiðri. Líklegt er, að helsinginn og sú grágæsin sem ekki lá á, hafi verið gassar, enda standa þeir vanalega vörð. Helsinginn virtist ráðríkari en grágæsargassinn, en þegar kvenfuglinn lá ekki á hreiðrinu, hélt hún sig þó meir að honum en helsingjanum.

Grágæsirnar og helsinginn sáust bæði árin 1988 og 1989, en sumarið 1990 varð ekki vart við nema eina grágæs. Það sumar voru egg mæld, og reyndust þau af svipaðri stærð og grágæsaregg, sem eru nokkuð stærrí en egg helsingja. Þetta er ekki óeðlilegt, þar eð kvenfuglinn var grágæs. Hitt er erfiðara að segja til um, hvort það hafi verið grágæs eða helsingi sem frjógvaði egginn. Til þess þarf að skoða unga sem koma úr hreiðri þessara sambýlisfugla.

Blönduð pör, t.d. grágæs og helsingi, eru kunn fyrirbæri, m.a. hér á landi (sjá Bjartmar Guðmundsson 1936). Færri sögum fer af þremur fuglum saman við hreiður. Þó hafa þrjár heiðagæsir *Anser brachyrhynchus* sést við nokkur hreiður í Þjórsárverum. Miðað við búning þeirra voru aukafuglarnir líklega ungar frá fyrra ári, en þeir sýndu enga varptilburði (Erling Ólafsson, munnl. uppl.). Það er alkunna, að hjá gæsum halda foreldrar og ungar saman allan veturinn og fram á vor.

Skýringin á atferli grágæsanna og helsingjans kann að vera svipaðs eðlis og heiðagæsanna; helsinginn hafi gefið sig að grágæsunum sem ungfugl eftir að hafa misst foreldra sína. Að vísu átti hér sitt hvor tegundin hlut að máli, og helsinginn hegðaði sér einnig öðruvísi en aukafuglarnir í Þjórsárverum og sýndi

greinilegt varpatferli. Því er önnur skýring líklega nærtækari, sú að grágæsirnar hafi verið paraðar og átt egginn en helsinginn beinlínis troðið sér upp á þær. Það atferli, að grágæsarnar héldu saman, þegar þær voru burtu frá hreiðrinu, bendir til þess að svo hafi verið.

HEIMILDIR

Bjartmar Guðmundsson 1936. Stóra grágæs og helsingi í „hjúskaparstandi“. Náttúrufr. 6: 154-156.

SUMMARY

A Barnacle Goose *Branta leucopsis* forming a trio with Grey-lag Geese *Anser anser*

A Barnacle Goose *Branta leucopsis* attended and defended a nest incubated by a Grey-lag Goose *Anser anser* in summer 1988. This nest was also attended by a third bird, a Grey-lag Goose, apparently a gander as was the Barnacle Goose, which was the more aggressive of the two, and kept the other bird at bay. Away from the nest the two Grey-lags flew together, the Barnacle Goose trailing.

Two video strips were taken at the nest in 1988. Both sequences show the Barnacle Goose returning first of the three geese to the nest after the birds had been chased away. The Barnacle Goose also showed nest defence against an Arctic Skua *Stercorarius parasiticus*, and definite breeding behaviour, including aggression, against the two Grey-lags. It is thought most likely that the Barnacle Goose forced himself upon the Grey-lag pair and the eggs were true Grey-lag Goose eggs.

In summer 1989 a trio, probably the same birds, were located again at much the same place as the year before. However, in summer 1990, only an incubating female and a guarding Barnacle Goose were seen. That year the two eggs in the nest were measured, 87 x 57 mm and 84 x 57 mm, which indicate Grey-lag Goose eggs rather than Barnacle Goose. This is no surprise since the female was a Grey-lag, whichever of the two species fertilized the eggs.

Benedikt Þorsteinsson og Elínborg Pálsdóttir, Ránarslóð 6, 780 Höfn.

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Gunnlaugur Pétursson,
Gunnlaugur Þráinsson og
Erling Ólafsson

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1988

Yfirlit

Í þessari skýrslu er getið 106 tegunda sem sáust árið 1988, en það er mesti fjöldi sem sést hefur á einu ári síðan útgáfa ársskýrslna hófst 1979. Í skýrslunni er auk þess getið fjögurra tegunda frá 1987 sem ekki sáust 1988 (sefgoða, nátt-hegra, brandandar og hvítandar) og tveggja frá 1985 (strandtittlings og græningja). Einnig eru nokkrar fleiri viðbætur og leiðréttingar frá fyrri árum.

Engir hrímtittlingar hafa verið birtir í þessum skýrslum, en á árunum 1983 til 1988 sáust fuglar á þrettán stöðum á landinu, sem athugendur töldu vera hrímtittlinga, alls um 27 fuglar (þar á meðal fuglar sem náðust). Enn á eftir að taka afstöðu til þessara fugla, en við nokkur greiningar- og tegundavandamál er að stríða.

Að þessu sinni sátu eftirfarandi menn í dómnefnd: Erpur Snær Hansen, Gaukur Hjartarson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Jón B. Hlíðberg, Kjartan Magnússon, Ólafur K. Nielsen og Ævar Petersen.

Sjaldgæfir varpfuglar. Ekki fundust skeiðendur verpandi þó nokkur þör hafi sést. Hins vegar hefur komið í ljós að skutulönd varp við Mývatn 1985 en þá sát kvenfugl með 6 unga. Þessar síðbúnu upplýsingar eru birtar í þessari skýrslu. Nokkur keldusvín sáust en ekkert þeirra á varptíma. Á Melrakkasléttu varp fjöruspói annað árið í röð. Hreiður með fjórum eggjum fannst. Við Breiðuvík í Raudasandshreppi varp landsvala og kom upp ungum. Svartþröstur varp tvisvar í Skógræktinni í Fossvogi og kom upp ungum í fyrri skiptið. Grá-

spörvastofninn að Hofi í Örafum dafnar enn. Allt að 10 þör urpu þrisvar sinnum og komu upp tugum unga. Bókfinka varp tvisvar í Skógræktinni í Fossvogi og kom upp ungum í bæði skiptin. Hún varp einnig á Kvískerjum í Örafum. Þar varp hún hins vegar aðeins einu sinni og komust ungar á legg. Þetta er þriðja árið í röð sem bókfinka verpur á Íslandi. Þess má einnig geta að syngjandi efjutíta sást annað árið í röð á Tjörnesi, en alls óvíst var um varp. Syngjandi gran-söngvari sást á Selfossi í júlí til ágúst.

Vetrargestir, fargestir og algengir flækingar. Tiltölulega margir gráhegrar sáust árið 1988, sérstaklega um haustið. Æðarkóngar voru fremur fáir. Margar hvinendur höfðu vetursetu á Suðvesturlandi eins og áður. Allnokkuð sást af vepjum, bæði um vorið og haustið, en þó ekkert í líkingu við það sem var árið á undan. Aldrei áður hafa sést jafnmargir lappajaðrakanar á einu ári og 1988, sem eru snögg umskipti, því fremur lítið sást af þeim næstu tvö ár á undan. Fjöldi fjöruspóa var einnig með mesta móti, en óvenjumargir sáust við Höfn í Hornafirði. Annars sjást þessar tvær tegundir nær eingöngu í Sandgerði og nágrenni og við Höfn. Nokkuð var af bæði landsvölum og bæjasvölum um vorið, sem leiddi til varps hjá landsvölu. Frá síðustu viku október og fram á vetur sást mikið af silkitoppum. Leita þarf mörg ár aftur til að finna ámóta göngu. Þær sáust fram á árið 1989 og verður gerð nánari grein fyrir þeim í næstu skýrslu. Mikið var af svartþröstum og gráþröstum haustið 1987 og einnig varð svartþrasta víða vart vorið eftir (sjá

súlurit í skýrslunni). Bæði gransöngvarar og laufsöngvarar voru með mesta móti um haustið en fjöldi bókfinka og fjallafinka í meðallagi.

Deilitegundir. Ein amerísk urtönd sást. Einnig sáust þrír hvítfálkar.

Nýjar tegundir. Árið 1988 sáust fimm tegundir sem ekki höfðu sést hér áður. Í Nesjum í A-Skaftafellssýslu sáust tvær mandarínendur í maí. Þær eiga ættir að rekja til A-Asíu, en á Bretlandseyjum er nú villtur stofn, sem kominn er af fuglum er sloppið hafa úr haldi þar. Þessir tveir fuglar eru vafalítið þaðan komnir (Ævar Petersen 1989). Í júní sást kambönd á Heimaey. Kambendur lifa villtar í N-Ameríku, en þessi fugl bar merki sem notað er í andagörðum. Hann hefur því sloppið einhvers staðar úr haldi (Ævar Petersen 1989). Í sama mánuði sást brandsvala á Selfossi. Hún verpur ekki nær okkur en á Spáni og var því komin langt norður fyrir útbreiðslu-svæði sitt, en hún er allalgengur flæk-ingur norður um alla Evrópu (Örn Óskarsson 1989) Óvenjumargar brandsvölur sáust í maí og júní í löndum NV-Evrópu þetta ár, m.a. 14 í Bretlandi, 4 í Svíþjóð, 6 í Danmörku, 2 í Hollandi og fjöldinn allur í Frakklandi. Síðsumars var unnið að merkingum á sæsvölum með því að veiða þær í net að nóttu til. Eina nóttina kom hafsvala í netið í Bjarnarey í Vestmannaeyjum. Hún verpur kringum Suðurskautið og var komin langt norður fyrir hefðbundnar vetrarstöðvar (Jóhann Óli Hilmarsson & Erpur Snær Hansen 1989). Í september sást bláskríkja á Heimaey. Hún er frá N-Ameríku og hefur ekki sést áður í Evrópu (Ævar Petersen 1989). Athygli vekur að fjórar af þessum fimm tegundum sáust að sumri til en þá er einna minnst um flæk-inga. Aðeins ein þeirra sást um haustið.

Sjaldgæfir flækingsfuglar. Af mjög sjaldgæfum tegundum (sem höfðu sést 5 sinnum eða sjaldnar (þ.e. fjöldi fugla))

sáust hjálmönd, býþjór, sparrhaukur, förufálki, efjutíta, sötstelkur, lyngstelkur, trjástelkur, þaraperna, bláhrani, trjátittlingur, næturgali, kjarnbítur og dvergtittlingur. Einnig er getið nátt-hegra sem sást 1987 og græningja sem sást 1985. Af sjaldgæfum fuglum (sem höfðu sést 6 til 10 sinnum áður) sáust bláönd, fjallvákur, gauktíta, bakka-svala, peðgrípur og laufglói. Fremur sjaldgæfir flækningar sem sáust 1988 (höfðu sést 11 til 20 sinnum áður) voru brúnönd, hrókönd, gjóður, grátrana, spóatíta, húsaskotta, mánaþröstur, þyrnisöngvari og grænsöngvari. Einnig er getið hvítandar sem sást 1987 og strandtittlings sem sást 1985.

Annáll ársins

Janúar: Janúar var venju fremur tíð-indalítill. Engar óvenjulegar tegundir sáust nema ef helst skyldi vera dómpápi þann 26. janúar í Neskaupstað. Þá sjald-an dómpápar sjást er það gjarnan á miðjum vetri eða á útmánuðum. Aðrar tegundir sem sáust í janúar eru allt teg-undir sem gjarnan þrauka frá hausti og fram eftir vetri, eins og gráhegri, keldu-svín, skógarsnípa, dvergsnípa, bláhravn, glóbrystingur og fjallafinka. Einnig sá-ust tveir ísmáfar, á Ólafsfirði og í Stykk-ishólmi.

Febrúar: Fátt var um góða drætti í febrúar. Þó sáust alls 17 ísmáfar á sjó úti fyrir Norðurlandi. Skógarsnípa fannst dauð. Auk þess sáust gráhegri, dverg-snípa, söngþröstur og turtildúfa, en síð-astalda tegundin er óvænt á þessum árstíma.

Mars: Skógarsnípur héldu áfram að sjást, en alls sáust 4 í mars, og 1 dvergsnípa. Á síðasta þriðjungi mánað-arins virtist eitthvað af fuglum berast til landsins. Vepjur sáust á nokkrum stöð-um, sú fyrsta 24. mars. Bókfinkur sáust á þremur stöðum og bleshænur á tveim-ur í lok mánaðarins. Þá má geta um eyr-uglu undir Eyjafjöllum og dómpápa í Lóni.

Apríl: Apríl var nokkuð viðburðaríkur og það frá fyrstu dögum, en segja má að komur fugla hafi dreifst nokkuð jafnt á mánuðinn. Venjulega er tíðinda helst að vænta upp úr miðjum apríl. Oft brá til SA-áttar, en erfitt reyndist að rekja komur ákveðinna fugla til ákveðinna lægða. Margar tegundir sáust og skal hér drepíð á nokkra athyglisverða viðburði. Alls sáust 11 bókfinkur víða um land, flestar karlfuglar, en minna var af fjallafinkum, aðeins einn karlfugl í Neskaupstað 5. apríl og par á Höfn 30. apríl. Óvenju mikið sást einnig af hringdúfum, alls 10 fuglar, á ýmsum stöðum frá Heimaey og austur til Seyðisfjarðar, á tímabilinu 15.-30. apríl. Nokkrar landsvölur sáust í lok mánaðarins, flestar 6 í Norðfirði. Hins vegar sáust aðeins 3 bæjasvölur (tvær 1. og ein 15. apríl), og einn múrsvölungur, en hann sást á Halamiðum um mánaðamótin apríl/maí. Alls sáust 4 vepjur, ein í hverjum landshluta. Af óvæntum tegundum ber helst að nefna þarapernu á Höfn 13. apríl. Þá má geta grátrönu, sefhænu, skógarsnípu, hringmáfs, hettusöngvara, gransöngvara, barrfinku, tveggja bláhrafna og þriggja grákráka, auk nokkurra algengra tegunda.

Maí: Mánuðurinn var viðburðaríkur að þessu sinni, frá upphafi til loka. Af og til gerði SA-átt, en bestu skilyrðin til að beina fuglum hingað með vindum virðast hafa verið frá 22. maí og næstu daga á eftir. Þá unnu saman hæð yfir Skandinavíu og lægð suðvestur af Íslandi, sem síðar færðist suður fyrir land, og beindu loftmassa frá meginlandinu um Bretlandseyjar til Íslands. Yfir hafinu voru 5-7 vindstig. Mest kom af svölum. Alls var tilkynnt um 72 landsvölur í öllum landshlutum, allt frá byrjun til loka mánaðarins. Þær voru oft nokkrar saman en flestar 12 á Heimaey. Þá sáust 23 bæjasvölur víða um land, flestar síðustu viku mánaðarins. Hins vegar sást aðeins 1 múrsvölungur í mánuðinum. Ýmsar algengar tegundir sáust, einnig

nokkrar fátíðari. Tvær mandarínendur birtust 18. maí í Nesjum, en þeirrar tegundar hefur ekki áður orðið vart hér. Akurgæs og trjástelkur sáust í Kelduhverfi og efjutíta söng á Tjörnesi, brandönd var í Borgarnesi, hrókönd við Egilsstaði og korpönd í Arnarfirði. Turnfálki sást í Laxárdal í Pingeyjar-sýslu. Tveir gaukar sáust, á Kvískerjum og Heimaey. Ýmsir spörfuglar sáust, flestir á suðaustanverðu landinu, Kvískerjum og Reynivöllum. Trjátittlingar virtust koma í einhverjum mæli til landsins, en alls sáust 4 á Reynivöllum og 1 á Akureyri. Þeir eru torgreindir frá þúfuttlingum og hefur því hugsanlega verið nokkuð meira um þá án þess að menn hafi áttað sig á því. Nokkrir laufsöngvarar og gransöngvarar sáust, tveir gransöngvarar, garðsöngvari, netlusöngvari og þyrnisöngvari. Þá má geta fjögurra grágrípa, garðaskottu, rósa-finku og dvergtittlings. Enn sáust nokkrar grákrákur, og hafa sennilega aldrei sést fleiri nokkurt annað ár. Þetta er hin haustlegasta upptalning og frekar óvenjuleg fyrir vormánuð.

Júní: Heldur hægðist um í júní. Enn sáust þó landsvölur víða um land, alls 13 fuglar, einnig 2 múrsvölungar, en hins vegar engin bæjasvala. Á Selfossi var brandsvala með landsvölum, en það er í fyrsta skipti sem hún sést hér á landi. Tvær brúnendur og ljóshöfði voru í Skaftártungu og kambönd náðist á Heimaey. Hún var merkt og benti merkið til þess að fuglinn væri upprunninn úr fuglagarði. Kambönd hefur ekki sést hér áður. Tveir dvergmáfar sáust, á Seltjarnarnesi og í Aðaldal, og rúkragakarl á Ásum, turtildúfa á Reynivöllum og tyrkjadúfa í Reykjavík. Af spörfuglum ber að nefna gransöngvara, rósa-finku og tvær barrfinkur, auk þess laufglóa að Skógum undir Eyjafjöllum.

Júlí: Enn sást ný tegund fyrir landið. Það var hafsvala sem flaug í fuglanet í Bjarnarey í Vestmannaeyjum. Á Mývatni sást hjálmönd og 2 ljóshöfðar.

Kolþerna var í krúvarpi á Rífi. Dverg-
máfur sást við Þveit í Hornafirði, 2 turt-
ildfúur á Reynivöllum og hringdúfa á
Raufarhöfn. Enn sáust nokkrar land-
svölur, 7 við Skóga undir Eyjafjöllum
og nokkrar í Breiðuvík sem voru fuglar
úr varpi. Tvær bæjarsvölur voru í Nes-
kaupstað og múrsvölungur á Höfn.
Laufsöngvari og gransöngvari sáust á
Selfossi.

Ágúst: Fyrstu haustflækingsarnir koma
venjulega í síðari hluta ágúst. Tvær
lægðir ullu SA-vindum 24. og 27.-28.
ágúst, en þær virtust ekki hafa áhrif á
komur flækingsfugla. Mánuðurinn
reyndist tiltölulega rólegur, en þó má
nefna nokkrar tegundir áhugaverðra
fugla. Turnfálki sást á sjó undan Glett-
ingsnesi, rúkragi í Garði, lyngstelkur,
dvergmáfur og bakkasvala á Höfn.
Nokkrir laufsöngvarar sáust um og eftir
miðjan mánuð og grænsöngvari í lok
hans í Reykjavík.

September: Fyrstu dagar september
voru upphafið að viðburðaríku hausti.
Vegna mikils fjölda fugla verður að
stikla á stóru hér á eftir. Þrátt fyrir það
að veðurskilyrði væru fjarri því að
stuðla að hraki fugla til landsins tóku
þeir að streyma hingað jafnt og þétt. Í
byrjun mánaðarins (2.-3. september)
var 975 mb lægð NNV af Skotlandi.
Hún virtist ekki líkleg til stórræða, en
samt sáust allnokkrar tegundir víða um
sunnanvert landið. Mest var af lauf-
söngvurum og garðsöngvurum, en einnig
sáust þessa dagana m.a. býþjór, gjóð-
ur, bláhrani, gauktítur, trjátittlingar,
hettusöngvari, gauksöngvari, græn-
söngvarar, næturgali og rósafinkur,
einnig vadfuglar, lappajaðrakanar,
rúkragi, spóatítur og vaðlatíta. Þannig
mætti áfram telja fram eftir mánuðin-
um, þrátt fyrir það að um miðjan mán-
uðinn hafi ríkt SV-lægar áttir. Skal hér
adeins drepíð á það markverðasta.
Lyngstelkur sást á Höfn, bláskríkja,
sem er amerísk, sást á Heimaey í fyrsta
skipti á Íslandi 14. sept., sóstelkur sást

við Stokkseyri og mánaþröstur og
hnoðrasöngvari á Húsavík.

Október: Þann 30. september var víð-
áttumikil 960 mb lægð djúpt suðvestur í
hafi. Daginn eftir var hún komin upp að
suðurströndinni og orðin 945 mb. Þá láu
skil frá Skotlandi um Færeyjar til Aust-
urlands. Fjöldi fugla sást allan mánuð-
inn. Fram til 20. október sáust auk al-
gengari tegunda: bláönd og mánaþröst-
ur að Skógum undir Eyjafjöllum,
hnoðrasöngvari fannst nýdaudur á Ak-
ureyri, hjálmönd sást á Úlfljótsvatni
(líklega sami fugl og á Mývatni um sum-
arið), vallskvetta og húsaskotta á Kví-
skerjum, rósafinka og peðgrípur á
Reynivöllum, flekkugrípur í Hveragerði
og sparrhaukur kom á skip suðvestur af
Reykjanesi. Enn héldu fuglar áfram að
streyma til landsins. Augljós aukning
varð um 20. október, en þann dag og
næstu vikuna þar á eftir var ríkjandi SA-
átt, þótt vindur hafi oftast verið tiltölu-
lega hægur. Flestir fuglanna voru að
sjálfsgöðdu hefðbundnir haustflækingsar,
t.d. söngvarar (hettusöngvarar og gran-
söngvarar), einnig glóbrystingar, fjalla-
finkur, söngprestir og ekki síst silki-
toppur. Auk ýmissa annarra algengra
fugla má nefna, 2 flekkugrípi, 4 hnoðra-
söngvara, 5 glókolla, 2 garðaskottur,
netlusöngvara og vallskvettu.

Nóvember: Í þessum mánuði var af
og til SA-átt, en þó varla skilyrði til
hrakninga. Fyrri helming mánaðarins
héldu flækingsfuglar sínu striki og marg-
ir sáust dag hvern. Eftir miðjan mán-
uðinn fór heldur að draga úr. Silki-
toppugengd setti svip á mánuðinn en
upphaf hennar má rekja til 22. október.
Annars bar sem fyrr mest á hettusöng-
vurum, gransöngvurum, fjallafinkum og
einnig gráhegrum. Tegundir sem ekki
höfðu sést fyrr um haustið voru: fjall-
vákur í Mýrdal, bleshæna í Sandgerði,
sefhænur á þremur stöðum, einnig mis-
tilprestir, ísmáfur, eyrugla og 2 sönglæ-
virkjar á Höfn og að lokum kjarnbítur í
Öræfum.

Desember: Enn gætti silkitoppugengdarinnar, en silkitoppur sáust allt fram á nýja árið. Flestar sáust 8 saman í Hafnarfirði. Annars voru spörfuglar nú gjörsamlega horfnir, að undanskildum glóbrystingi sem sást í Lóni og fjalla-finku á Selfossi. Nokkuð var um gráhegra. Aðrir merkisfuglar sem sáust voru brúnönd í Sandgerði, bleshænur í Hafnarfirði og Reykjadal en þar var einnig skógarsnípa, 2 sefhænur sáust í Kópavogi, dvergsnípa á Reynivöllum, grálour á þremur stöðum og ísmáfur við ós Skjálfafljóts. Síðast en ekki síst skal nefna förufálka sem náðist í Mýrdal.

Skýringar við tegundaskrá

Þeir sem nefndir eru á eftir hverri at-hugun eru annað hvort finndur eða hafa tilkynnt fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Ef annað er ekki tekið fram, er aðeins um einn fugl að ræða. ☆ merkir að fuglinum hafi verið safnað eða hann fundist dauður. Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnes-sýslu. Við gerð súlurita og korta yfir fundartíma og fundarstaði nokkurra vetrargesta eru notuð gögn úr flækinga-skýrslu 1987. Mánaðanöfn eru skammstöfuð.

Hvað máfa varðar merkir „á fyrsta sumri“ að viðkomandi fugl sé u.þ.b. árs-gamall, og „á öðru sumri“ að hann sé u.þ.b. 2ja ára.

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sást fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 1987. (3) Fjöldi fugla sem sást 1988. – Þessar tölur eru *lágmarks-fjöldi* einstaklinga að mati skýrsluhöfunda.

Tegundaskrá 1988

Sefgoði *Podiceps griseogenus* (21.18.0)

A-Evrópa, Sibiría og nyrsti hluti N-Ameríku. – Fremur sjaldgæfur vetrargestur.

1987:

S-Múl: Gautavík í Berufirði, 20. nóv 1987 ☆ (SÆ).

Gráskrofa *Puffinus griseus* (52.42.4)

Suðurland. – Leitar til N-Atlantshafs utan varptíma og sést orðið árlega hér við land.

Á sjó: Út af Stokksnesi. A-Skaft., þrjár í byrjun maí (Elías V. Jensson).

Faxaflói (64°17'N, 22°30'V), 21. júlí (KM).

Hafsvala *Oceanites oceanicus* (0.0.1)

Suðurskautslandið og suðlæggar eyjar. – Hefur vetursetu norður í Atlantshafi, en er sjaldgæf við strendur NV-Evrópu. Hefur ekki sést hér áður (sjá Blika 8: 9-14).

Vestm: Bjarnarey, 31. júlí ☆ (Aðalsteinn Snæþórsson, Björg Harðardóttir, Erpur S. Hansen, Hafdís Ólafsson, JÓH), *O. o. exasperatus*.

Nátthegri *Nycticorax nycticorax* (2.2.0)

Sunnanverð Evrópa og Asía, Afríka og Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi.

1987:

Rang: Skógar undir Eyjafjöllum, 23. júní 1987 (Helgi Guðmundsson, Simon Boyes ofl).

Gráhegri *Ardea cinerea* (-,378.68)

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Algengur haust- og vetrargestur. – 1. og 2. mynd.

Árn: Opnur í Ölfusi, tveir 10. jan (EP, JÓH), einn í okt ☆ (Stefán G. Stefáns-son), sjö 10. nóv til 5. jan 1989 (HÞH, SB).

Selfoss, ungf 16. jan til 14. feb (ÖÓ).

Stokkseyri, 8. okt (Þór Magnússon).


Úllfljótsvatn, 8. okt (KM).

Álftavatn, 22. okt (ÁE).

Öxnalækur í Ölfusi, 10. nóv (HÞH, SB).

Eyf: Akureyri, tveir 1. jan 1988 (Sverrir Vilhjálmsson ofl), sjá einnig skýrslu 1987. Einn um miðjan des (skv Jóni Magnússyni).


Brúnalag í Öngulstaðahr. og Kristnes, 10.



1. mynd. Staðir þar sem gráhegrar sáust frá 1.8.1987 til 31.7.1988 og fjöldi fugla. – *Localities and number of Ardea cinerea from 1.8.1987 through 31.7.1988.*

- feb til 25. mars (Þorsteinn Ingólfsson, Rúnar Þ. Björnsson), sennilega annar Akureyrarfluglanna.
- Siglu fjörður, tveir 15.-19. sept (Örlygur Kristfinnsson).
- Kálfsárkot í Ólafsfirði, fjórir 22. okt, einn til um 25. okt (Elmar Víglundsson ofl).
- Dalvík, tveir í okt til des (Steingrímur Þorsteinsson).
- Gull: Hvaleyrarlón í Hafnarfirði, 27. júní (Sigurgestur Ingvarsson).
- Straumsvík, okt (Christian Roth).
- Straumsvík-Hvaleyri, 26. des (Sigurður Helgason).
- Káranes í Kjós, tveir um haustið, einn til 17. maí 1989 (skv Hauki Bjarnasyni).
- Vífilsstaðir í Garðabæ, 16. des (SBI).
- Vogar á Vatnsleysuströnd, 26. des (Aðalsteinn Snæþórsson).
- Hvalsnes á Miðnesi, tveir 26. des (Þorsteinn Einarsson).
- S-Múl Egilsstaðir, einn 22. sept, tveir 30. sept (SÞ).
- Djúpivogur, 8. nóv ☆ (skv SÆ).
- Rang: frá undir Eyjafjöllum, 29. apríl (Jón Einarsson).

2. mynd. Fjöldi gráhegra sem sást í hverri viku milli 1.8.1987 og 31.7.1988. – *Number of Ardea cinerea seen each week from 1.8.1987 through 31.7.1988.*



- Lækjabotnar í Landssveit, 17. maí (Guðmundur Jensson).
- Fykkvibær, um mánaðamót sept/okt (Sigurður Hólmsteinsson).
- Holtsós undir Eyjafjöllum, 21. okt (SB ofl).
- Rvík: Grafarvogur, 26. okt (BH).
- Elliðavogur, 9. des (JÓH).
- A-Skaft: Hof í Örfæum, 16. mars til 13. apríl (JG), 10. nóv (JF), tveir ungf 12. nóv (EÓ, HB), fullu og tveir ungf 27. nóv (HB).
- Fagurhólmsmýri í Örfæum, þrír um 15. okt (Ari B. Sigurðsson).
- Hoffellsá í Nesjum, tveir 24. okt (Karl Skírnisson).
- Höfn í Hornafirði, ungf 9. sept (BA), 28. okt (BÞ).
- Fornustekkar í Nesjum, fjórir 29. okt (Sverrir Aðalsteinsson).
- Skaftafell í Örfæum, 27.-30. des (JG).
- V-Skaft: Skeiðflötur í Mýrdal, tveir ungf 14. okt, einn ungf 15. okt (EÓ).
- Landbrot, um tuttugu frá miðjum okt til 19. des (Jón Hjartarson).
- Skag: Hof í Hjaltadal, í fyrri hluta maí (Pálmi Ragnarsson).
- Strand: Reykja fjörður, 10. sept (JG ofl).
- Snæf: Álftavatn í Staðarsveit, um 5.-26. okt (Gísli Pálsson).
- Rif, um 17. til um 24. okt (Sæmundur Kristjánsson).
- S-Þing: Húsavík, 25. jan (HE).
- Sýrnes í Aðaldal, 2. okt ☆ (Ragnar Þorsteinsson).
- Laxamýri í Reykjahverfi, 12. okt (Guðmundur Guðmundsson).

1985:

S-Múl: Breiðdalsvík, í lok ágúst 1985 (SSI ofl).

1986:

N-Ísf: Kleifar í Seyðisfirði, þrír um miðjan sept 1986 (Ari M. Bragason).

Akurgæs *Anser fabalis* (2,29,2)

N-Evrópa og N-Asía. – Fremur sjaldgæfur flækingur, en sást þó í nokkrum mæli 1981.

N-Fing: Lón í Kelduhverfi, tvær 22. maí (HE, Jón Ó. Sigfússon).

S-Fing: Hóll á Tjörnesi, tvær 22. maí (Jón Gunnarsson, SG), sennilega sömu fuglar og við Lón.

Snjógæs *Anser caerulescens* (-,79,11)

N-Kanada, NV-Grænland og NA-Síbiría. – Lífir sums staðar hálfvillt í Evrópu. Árviss hér á landi, oftast í fylgd með blægsum. Ef annað er ekki tekið fram er um hvítar gæsir að ræða.

Árn: Syðri-Sýrlækur í Flóa, 28. sept til 2. okt (Ásgeir Gunnlaugsson ofl).

Borg: Hvanneyri, tvær „blágæsir“ 29. sept til 8. okt (Ævar Rafnsson ofl).

A-Hún: Laxárdalur, 16. júní (Jón H. Jóhannsson).

Mýr: Traðir í Hraunhr., um 9.-16. maí (Rafn Sigurðsson ofl).

Smiðjuhóll í Álftaneshr., tvær „blágæsir“ 6. okt, tvær „blágæsir“ 8. okt, ekki sömu og 6. okt (Ævar Rafnsson).

Rang: Háfur í Háfshverfi, 8. okt (skv Sigurgeir Sigurgeirssyni).

S-Fing: Vatnsleysa og Víðivellir í Fnjóskadal, um 25.-30. apríl (Tryggvi Stefánsson ofl).

1987:

Mýr: Laufás í Borgarhr. eða nágr, 8. maí 1987 (Steve Percival).

Skag: Flugumýri í Blönduhlíð, 13. maí 1987 (Steve Percival).

Kynblendingur snjógæsar og blesgæsar

Anser caerulescens × *albifrons*

Borg: Hvanneyri, 8. okt (HPH, JÓH, SB).

Mýr: Bóndhóll í Borgarhr., tveir 6. okt ☆ (Ævar Rafnsson), annar merktur með hálskring „7KJ“ og merki „Brit. Mus. 1190622“, sama og sást 18. okt 1987 við Hvanneyri (sjá neðar).

1986:

Mýr: Hundastapi á Mýrum, tveir (ásamt „blágæs“, sjá skýrslu 1986) 5. maí 1986 (Anthony D. Fox, Ian Francis ofl), sennilega sömu og 1987.

1987:

Borg: Hvanneyri, tveir 18. okt 1987, annar með hálskring „7KJ“ (JÓH).

Kanadagæs *Branta canadensis* (-,39,4)

Norðurhluti N-Ameríku. – Verpur víða villt og hálfvillt í Evrópu. Árviss hér á landi, og er sennilegt að þar eigi í hlut bæði amerískir og evrópskir fuglar.

V-Hún: Laugabakki í Miðfirði, þrjár í byrjun okt (Gunnar Jensson).

A-Skaft: Papafjörður í Lóni, ágúst ☆ (Anon).

Brandönd *Tadorna tadorna* (26,10,0)

NV-Evrópa, slitrótt í S-Evrópu og Mið-Asía. – Fremur sjaldséð hér á landi.

1987:

Mýr: Borgarnes, kvenf 8. maí 1987 (Steve Percival).

Mandarínönd *Aix galericulata* (0,0,2)

Austast í Asíu, Japan og Bretlandseyjar (innflutt, nú nokkur hundruð pör). – Hefur ekki sést áður hér á landi. Er komin frá Bretlandseyjum (sjá Blika 8: 56-57).

A-Skaft: Setberg í Nesjum, tveir fullu karlf 18.-21. maí 2☆ (Orri Brandsson ofl).

Ljóshöfði *Anas americana* (28,34,4)

Norðurhluti N-Ameríku. – Árviss hér á landi og allalgeng í Evrópu. Sumir ljóshöfðasteggir, sem sjást hér, eru paraðir rauðhöfðakollum.

Gull: Sandgerði, karlf 12. nóv (GH, GP, GP, ÓE).

V-Skaft: Hrífunes í Skaftártungu, fullu karlf 28. júní (EÓ).

S-Fing: Mývatn, paraður fullu karlf 20. maí á tjörn við Dimmuborgir, og sennilega sami 25.-26. maí við Geiteyjarströnd (ÁE ofl), 3. mynd, paraður fullu karlf 27. maí á Álftavogi (ÁE), tveir fullu karlf 1. júlí á Neslandavík (Steinar Eldgey, Sten Asbirk), karlf 16. júlí við Vagnbrekku (Arnþór Garðarsson).

Laxá við Helluvað í Mývatnssveit, paraður fullu karlf 23. maí (ÁE).

Kynblendingur rauðhöfða og ljóshöfða

Anas americana × *penelope*

S-Fing: Álftagerði í Mývatnssveit, paraður ársgamall karlf 25. maí (Arnþór Garðarsson).

Urtönd *Anas crecca carolinensis* (6,18,2)

Norðurhluti N-Ameríku. – Ameríska undir-



3. mynd. Ljóshöfðaönd *Anas americana*. Geiteyjarströnd í Mývatnsveit, 26. maí 1988. Ljósm. Arnþór Garðarsson.

tegund urtdandarinnar er árviss í Evrópu og nær árviss hér á landi.

A-Skaft: Þveit í Nesjum, tveir karlf 25. okt (BA).

Brúnönd *Anas rubripes* (3,9,3)

Norðausturluti N-Ameríku. – Sjaldgæf í Evrópu. Fremur sjaldgæf, en þó nær árviss hér á landi hin síðari ár.

Gull: Sandgerði, karlf 28. des (EÓ, HPH, KM).

V-Skaft: Hrífunes í Skaftártungu, tveir karlf 28. júní, annar til 13. júlí (EÓ ofl).

Taumönd *Anas querquedula* (9,15,1)

Evrópa og Asía. – Fremur sjaldséður, en þó líklega árviss flækingur hér á landi.

N-Múl: Fellabær, karlf 10. maí (SP).

1987:

Skag: Miklavatn í Fljótum, fullu karlf 17. maí 1987 (Steve Percival).

Bláönd *Anas discors* (6,1,1)

N-Ameríka. – Sjaldséð, en þó árviss í Evrópu, og sjaldgæf hér á landi.

V-Skaft: Skógar undir Eyjafjöllum, kvenf um 2. okt ☆ (Jóhann Jensson).

Skeiðönd *Anas clypeata*

Evrópa, N-Asía og norðanverð Ameríka. – Sjaldgæfur varpfugl hér á landi.

Gull: Seltjarnarnes, par 30. apríl á Bakka-tjörn (Björk Guðjónsdóttir, Jón H. Jóhannsson).

Mýr: Straumfjörður, par 21. maí til 4. júní,

karlf að auki 21. maí (PL ofl).

A-Skaft: Tjörn á Mýrum, par 9. maí (BA).

N-Ping: Vogar í Kelduhverfi, karlf 5. júní á Víkingavatni (SG).

S-Ping: Mývatn, par 5.-21. maí á Helgavogi og nágr (EP, ÓKN ofl), tveir karlf að auki á 20. maí, einn karlf að auki 21. maí (ÁE ofl).

Sandur í Aðaldal, tveir karlf 11. júní (GH). **1987**:

Skag: Skógar í Borgarsveit, karlf 30. maí 1987 (Kristinn H. Skarphéðinsson, PL).

Tjarnartjörn á Borgarsandi, karlf 15. júní 1987 (GAG, Hlynur Óskarsson).

Skutulönd *Aythya ferina* (-,39,9)

Miðbik Evrópu og Asíu. – Árviss og hefur orpið nokkrum sinnum hér á landi.

Árn: Hlíðarvatn í Selvogi, kvenf 4. apríl (HPH, JÓH).

Úlfljótsvatn, kvenf 19. október (HPH, SB).

Gull: Ósar, kvenf 27.-28. des (EÓ ofl).

S-Múl: Lagarfljót við Egilsstaði, karlf 5. apríl (SP).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, karlf 21. apríl (BA).

Tjörn á Mýrum, tveir karlf og kvenf 24. apríl (BA).

S-Ping: Mývatn, karlf 20. maí við Strandarhólma, par 26. maí á Strandarvogi, karlf 22. júlí á Syðriflóa (ÁE ofl).

1985:

S-Ping: Mývatn, karlf 11. júlí 1985 við Skútu-staði, kvenf með 6 unga 12. júlí 1985 nærri Kálfaströnd (Til Macke ofl).

Æðarkóngur *Somateria spectabilis*

(-,330,22)

Nyrstu héruð N-Ameríku og Sibiríu; Grænland og Svalbarði. – Sést hér allt árið, en er algengastur seinni part vetrar.

V-Barð: Þverá í Vatnsfirði, fullu karlf 8.-11. maí (Áke Lindström, GAG).

Bíldudalur, fullu karlf 18. maí (Þór Magnússon).

Eyf: Akureyri, fullu karlf 9. maí (Kristján Lilliendahl).

Gull: Njarðvík, tveir fullu karlf 12. mars (Kristinn H. Skarphéðinsson, PL), þrír fullu karlf 20. mars (GH, Hermann Bárðarson, JÓH), kvenf á fyrsta vetri 26. des (GP).

Grindavík, tveir kvenf 30. apríl (GP, HPH).

Arnarnesvogur, Garðabæ, fullu karlf 12. maí til júní (Sigurður Hólmsteinsson ofl).

A-Hún: Syðri-Ey á Skagaströnd, fullu karlf 20. maí (Árni G. Magnússon).

N-Ísf: Skálavík í Mjóafirði, fullu karlf 15. mars (BB).

Bolungarvík, fullu karlf 7. mars til 11. apríl, tveir 2ja ára karlf 11. apríl, annar til 21. apríl (BB, SSI).

Rvík: Sundahöfn, fullu karlf 21. feb til 4. apríl (KM ofl), fullu karlf að auki 13. mars (Kristinn H. Skarphéðinsson, PL).

Strand: Grjótá í Steingrímsfirði, karlf 29.-30. maí (Björk Guðjónsdóttir, Jón H. Jóhannsson).

N-Fing: Þórshöfn, karlf 26. mars (GG).

Lón í Kelduhverfi, tveir fullu karlf 2. apríl (GH, Hermann Bárðarson).

S-Ping: Húsavík, kvenf 27. feb (SG).

Héðinshöfði á Tjörnesi, fullu karlf 11. okt (SG).

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóns

Somateria molissima × *spectabilis* (-,12,1)

Eyf: Akureyri, karlf 9. maí (Kristján Lilliendahl).

Korpönd *Melanitta fusca* (7,17,1)

N-Evrópa, N-Asía, Kákasus og N-Ameríka. – Fremur sjaldséður, en þó nær árviss flæk-ingur.

V-Barð: Dufansdalsá í Fossfirði, fullu karlf 19. maí (Áke Lindström, GAG).

Hjálmönd *Bucephala albeola* (1,0,1)

Norðanverð N-Ameríka. – Mjög sjaldséd í Evrópu, sem og hér á landi.

Árn: Úlfljótsvatn og Sog, fullu karlf 8.-22. okt á Úlfljótsvatni og 30. des á Sogi (KM ofl), sennilega sami og að neðan.

A-Skafr: Þveit í Nesjum, kvenf eða ungur karlf 15.-31. maí (Karl Skírnisson ofl).



4. mynd. Hvinandarsteggur *Bucephala clangula*, með húsandarkollu *Bucephala islandica*. Mývatn, maí 1988. Ljós. Magnús Magnússon.

S-Ping: Mývatn, kvenf eða karlf í felubúningi 1. júlí og 11. ágúst við Vindbelg (Steinar Eldgý, Sten Asbirk ofl), sennilega sami fugl og að ofan.

Hvinönd *Bucephala clangula*

N-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Vetrargestur, einkum á SV-landi og Mývatni. Sést hér einnig á sumrin. Einnig er getið ógreindra hvinanda/húsanda (ógr *Bucephala*) utan Sogs, Mývatns og Gullbringusýslu.

Árn: Hlíðarvatn í Selvogi, þrír karlf og kvenf 4. apríl (HÞH, JÓH).

Spóastaðir í Biskupstungum, karlf 1. maí (Tómas G. Gunnarsson ofl).

Pingvallavatn, karlf 23. apríl við Lambhaga og 30. apríl við Kárastadahólma, án efa sami fugl, karlf 9. okt og tveir kvenf 26. nóv við Skálabrekku, karlf 19. nóv við Mjóanes (KM).

Úlfljótsvatn og Sog, karlf og kvenf 8. okt (KM), fjórir karlf og tveir kvenf 9. okt (GP, GÞ, ÖÓ), tveir ungir karlf, tveir karlf og kvenf 13. okt (Erpur S. Hansen, IG, JÓH), níu karlf, fimm ungir karlf, þrír kvenf og ungur kvenf 30. okt, ungur karlf 19. nóv (GP, HÞH, SB ofl), sextán karlf, ungur karlf og þrír kvenf 30. des (IG, JÓH, ÓE).

Gull: Garðabær, karlf og átta ógr kvenf 20. nóv (Arnar Helgason).

Ósar, fullu karlf 27. des (EÓ).

S-Múl: Lagarfljót við Egilsstaði, karlf í byrjun jan (Þorkell Þorkelsson), karlf 5. apríl, karlf 18. nóv (SP).

Rvík: Elliðavatn, tveir karlf og kvenf 5.-31. mars (JÓH ofl), karlf að auki 26. mars (GP).

Skerjafjörður, karlf og kvenf 6.-18. mars (GP ofl), fjórir karlf og kvenf 26. des (Árni W. Hjálmarsson, ÖKN).

Tjörninn, ungur karlf 10. nóv og 12. des (ÖKN).

A-Skafi: Þveit í Nesjum, tveir fullu karlf og ungur karlf 11. nóv (BA, EÓ, HB).

Hali í Suðursveit, þrír kvenf 12. nóv (BA, EÓ, HB).

N-Ping: Þórshöfn, karlf 1. apríl (GG).

Lón í Kelduverfi, tvær 26. des (Hermann Bárðarson).

S-Ping: Ystihvammur í Aðaldal, fullu karlf 4. apríl (GH, HE).

Mývatn og Laxá í Mývatnssveit, þrír fullu

karlf 12. maí við Skútustaði. Haganes og Vindbelg (Arnþór Garðarsson), fullu karlf 19. maí á Grænavatni, fullu karlf 21. maí á Bekraflóa, tveir fullu karlf 23. maí á Miðkvísl og á Laxá við Helluvað (ÁE), fullu karlf við Helluvað og tveir ársgamli karlf við Kálfaströnd 24. ma (ÁE, Arnþór Garðarsson). Talið er að fullu karlf hafi verið fjórir, 4. mynd.

Hraun í Aðaldal, karlf 8. okt (BB, SSI).

Skjálfandaflijótsós, karlf og tveir ógr kvenf 12. okt (SG).

Kambönd *Mergus cucullatus* (0.0.1)

N-Ameríka. – Hafa verið fluttar til Evrópu og sloppið þar úr haldi. Annars sjaldséð þar villt. Hefur ekki sést hér á landi áður (sjá Blika 8: 57-58).

Vestm: Heimaey, fullu karlf um 7.-17. júní ☆ (Jakob S. Erlendsson ofl). Var með merki „AOF 770 86 G 05732“, sennilega úr andagarði vestanhafs eða austan.



5. mynd. Býþjór *Pernis ptilorhynchus*. Um 5-6 sjóm undan Rauðanúpi, N-Ping, 5. september 1988. Mynd tekin þegar honum var sleppt á Akureyri. Ljós. Guðmundur Brynjarsson.



6. mynd. Fjallvákur *Buteo lagopus*, ungfugl. Reynisfjall í Mýrdal, 6. nóvember 1988. Mynd tekin í Reykjavík 18. nóvember 1988. Ljós. Erling Ólafsson.

Hvítönd *Mergus albellus* (10,8,0)

Nyrst í Evrópu og N-Asía. – Nokkrir fuglar hafa sést hér á undanförunum árum.

1987:

Árn: Þingvallavatn, karlf haust 1987 út af Arnarfelli (Jóhann Jónsson).

Hrókönd *Oxyura jamaicensis* (2,17,1)

Vestanverð Norður- og Suður Ameríka. – Flutt til Evrópu og verpur nú víða á SV-Englandi. Sjaldséð hér á landi og talin koma frá Englandi.

S-Múl: Lagarfljót við Egilsstaði, karlf 12.-28. maí (Vigfús H. Jónsson ofl).

Býþjór *Pernis apivorus* (1,1,1)

Evrópa til Mið-Asíu. – Mjög sjaldséður hér á landi.

Á sjó: 5-6 sjóm undan Rauðanúpi, N-Þing, náð 5. sept (Porvaldur Aðalsteinnsson), sleppt við Akureyri, 5. mynd.

Sparrhaukur *Accipiter nisus* (2,1,1)

Evrópa og N-Asía. – Mjög sjaldgæfur flæk- ingur hér á landi.

Á sjó: Um 70 sjóm SV af Reykjanesi, 19. okt ☆ (Hannes Einarsson, Magnús Kjartans- son).

Fjallvákur *Buteo lagopus* (3,6,2)

N-Ameríka, Fennóskandía og norðanverð Ráðstjórnarríkin. – Sjaldgæfur flæk- ingur hér á landi.

A-Skaft: Ingólfshöfði í Örafum, fundinn dauður 30. júní ☆ (HB).

V-Skaft: Reynisfjall í Mýrdal, ungf náð 6. nóv, sleppt við Elliðavatn 18. nóv (merktur „17511“) (Bjarni Finnsson), 6. mynd.

Gjóður *Pandion haliaetus* (9,3,1)

N-Evrópa, N-Asía, N-Ameríka og víðar. – Fremur sjaldgæfur flæk- ingur.

S-Þing: Ljósavatn í Ljósavatnsskarði, byrjun sept ☆ (Gunnlaugur Einarsson).

Turnfálki *Falco tinnunculus* (23,15,2)

Evrópa, Asía og Afríka. – Fremur algengur flæk- ingur hér á landi.


S-Þing: Ljósstaðir í Laxárdal, 22. maí (ÁE, JBH).

Á sjó: Skammt undan Glettinganesi, N-Múl, í lok ágúst ☆ (Helgi Kristjánsson).

Fálki *Falco rusticolus candicans* (-,17,3)

Grænland, Kanada og Alaska. – „Hvítfál- ar“ sjást hér aðallega á veturna.

7. mynd. Fjöldi keldusvína sem sást í hverri viku árin 1979 til 1988. Dökku súlurnar sýna fyrstu athuganir. – *Number of Rallus aquaticus seen each week from 1979 through 1988. The dark columns show the first observation for a given bird.*



Strand: Munaðarnes, Árneshr., 18. feb (Jón E. Jónsson).

S-Þing: Laxamýri í Reykjahverfi, 4. apríl (GH, HE).

Húsavík, 17. nóv (BB).

Füfufálki *Falco peregrinus* (1,1,1)

Evrópa, N-Asía, norðanverð N-Ameríka og víðar. – Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi.

V-Skaft: Garðakot í Mýrdal, 23. des ☆ (Guðjón Þorsteinsson).

Keldusvín *Rallus aquaticus* (-,38,7)

Evrópa og Asía. – Sjaldgæfur varpflugl, en flest keldusvín sem sjást núorðið eru sennilega flækingsfluglar. – 7. og 8. mynd.

Árn: Ölfusforir, 3. mars ☆ (Ívar Erlendsson).

N-Múl: Merki á Jökuldal, 11. nóv til 3. des (SP ofl).

S-Múl: Egilsstaðir, seinni hluta október ☆ (SP).

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, 27. des 1987 til

14. feb, sjá einnig skýrslu 1987 (HPH ofl), 7. des til 1989 (JÓH ofl).

Laxalón við Grafarholt, frá byrjun des til síðari hluta des (Ingólfur Arnarson).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 24. jan til 18. feb (BA).

Á sjó: Um 70 sjóm A af Reyðarfirði, 13. okt (Þórarinn Sigvaldason), 9. mynd.

Engirella *Crex crex* (19,6,1)

Evrópa til Mið-Asíu. – Fremur sjaldséður flækingur.

Á sjó: Undan Langanesi, N-Þing, haust ☆ (Sigurður Jóhannsson).

Seflhæna *Gallinula chloropus* (42,8,6)

Evrópa, Asía og Ameríka. – Allalgengur flækingur, en þó sjaldsédari hin síðari ár en áður fyrr.

Gull: Kópavogur, tveir ungf 25. des ☆ (Tómas Stefánsson).


S-Múl: Egilsstaðir, ungf 12. nóv ☆ (Þórhallur Þorsteinsson).

A-Skaft: Vagnsstaðir í Suðursveit, 24. apríl ☆ (BA).

Kvísker í Örafum, 23. nóv (HB).

Höfn í Hornafirði, ungf 27. nóv til 13. apríl 1989 (BP, EP).

Keldusvín *Rallus aquaticus* 1979-1988
45 fuglar alls



8. mynd. Fjöldi keldusvína sem sást á árunum 1979 til 1988. – *Number of Rallus aquaticus seen from 1979 to 1988.*

Bleshæna *Fulica atra* (129,38,5)

Evrópa, Asía og Ástralía. – Árviss og hefur orpið hér á landi.

Gull: Sandgerði, 27. des 1987 til 1. jan (SB1 ofl), (sjá einnig skýrslu 1987), 12. nóv (GH, GP, GP, ÓE).

Hafnarfjörður, 26. des við Langeyri (Helgi Guðmundsson, JÓH, Jón H. Sigurbjörnsson).

Rvík: Elliðaárós, 30. mars til 17. apríl (Páll Steingrímsson ofl), 10. mynd.

N-Þing: Þórshöfn, 30. mars til 10. apríl (GG).

S-Ping. Laugar í Reykjadal, 26. des (Hjörtur Tryggvason ofl).

Grátrana *Grus grus* (5.11.2)

N-Evrópa og norðanverð Asía. – Sjaldgæfur flækinger hér á landi.

A-Skafi: Flói í Skarðsfirði, 29. apríl (RT).

V-Skafi: Þykkvibær í Landbroti, 10.-12. maí (Þórarinn Bjarnason).

Grálóa *Pluvialis squatarola* (16.37.7)

Nyrstu héruð Síberíu og N-Ameríku. – Alltíð og árviss að haust- og vetrarlagi, en sést einnig á sumrin.

Árn: Stokkseyri, 26. des (EP, JBH).

Gull: Sandgerði, 11.-12. sept (GH ofl), tvær 28. des (EÓ, HPH, KM).

Garður, 16. okt (JÓH).

Garðskagi, 16. okt (GP), 12. nóv (ÓE).

Fuglavík á Miðnesi, þrjár 23. okt (KM).

Arfadalsvík við Grindavík, 23. okt (GH, GP, GP, KM).

S-Ping: Héðinshöfði á Tjörnesi, 26. sept (HE, SG).

Húsavík, 21. des til 23. jan 1989 (BB, Ríkardur Ríkardsson ofl).

Vepja *Vanellus vanellus* (-,399.29)

Evrópa og N-Asía. – Árviss og hefur orpið hér. – 11. og 12. mynd.

A-Barð: Reykhólar, 22. apríl (Gylfi Helgason).

V-Barð: Naustabrekka á Rauðasandi, 31. okt (Tryggvi Eyjólfsson).

Eyf: Knarrarberg, Öngulstaðahr., 4.-22. apríl (Jón Magnússon).

Ólafsfjörður, 28. sept (Ingi V. Gunnlaugs-son).



9. mynd. Keldusvín *Rallus aquaticus*. Um 70 sjóm. austur af Reyðarfirði, 13. október 1988. Ljós. Þórarinn Sigvaldason.

Gull: Bessastaðir á Álftanesi, 10.-25. apríl (Lúðvík Gizurarson ofl).

N-Múl: Kirkjubær í Hróarstungu, 26. sept (Guðmundur H. Stefánsson).

S-Múl: Neskaupstaður, byrjun mars til 29. apríl (MG).

Eyvindará við Egilsstaði, 4. apríl (Guðgeir Ingvarsson).

Rang: Seljaland undir Eyjafjöllum., 22. apríl (GAG, Kristján Lilliendahl).

Rvík: Heiðmörk, tvær um vorið (Einar Ólafsson).

A-Skafi: Kvísker í Örafum, 27.-29. mars (HB).

Höfn í Hornafirði, 12. maí (RT), 13. sept til 22. okt ☆ (BA ofl), 11. nóv (BA, EÓ, HB).

Kálfafell í Suðursveit, fjórar 22. okt (BA). Skógey í Nesjum, 24. okt (Günther Heide- mann, Karl Skírnisson).

10. mynd. Bleshæna *Fulica atra*. Elliðavogur í Reykjavík, 10. apríl 1988. Ljós. Jóhann Ólí Hilmarsson.



Skógarsnípa *Scolopax rusticola*

(119,120,17)

Evrópa og Asía. – Arviss flækjngur hér á landi.

Gull: Kiðafell í Kjós, 20. mars (Þorvaldur Friðriksson).

A-Skaft: Hnappavellir í Örafum, 29. jan (JG).

Svínafell í Örafum, fundin dauð um 5. feb ☆ (Guðlaugur Gunnarsson).

Heitulækir við Bæjarstaðaskóg, 6. mars (HB).

Kvísker í Örafum, 6.-27. mars, 23. okt, 5. nóv, 9. nóv (HB).

Reynivellir í Suðursveit, 27. mars til 17. apríl (BA), tvær 12. nóv (BA, EÓ, HB).

Skaftafell í Örafum, 10. nóv (JG).

Horn í Nesjum, 11. nóv (BA, EÓ, HB).

V-Skaft: Hrífunes í Skaftártungu, fimm í okt (Sverrir Magnússon).

N-Fing: Brimnes á Langanesi, 2. apríl (GG).

S-Fing: Laugaból í Reykjadal, þrjár 28. des (GH, Hermann Bárðarson).

1983:

V-Skaft: Hrífunes í Skaftártungu, okt 1983 (Sverrir Magnússon).

1984:

V-Skaft: Hrífunes í Skaftártungu, í lok okt 1984 (Sverrir Magnússon).

Lappajaðrakani *Limosa lapponica*

(105,54,64)

Skandinavía, Síbiría og Alaska. – Haust- og vetrargestur á SA- og SV-landi, en mun sjaldgæfari en fjöruspói. – 13. mynd.

Gull: Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi, 14. maí (Árni W. Hjálmarsson, GP, GP ofl).

Garðskagi, 4. sept (GP, GP, HPH, KM).

Sandgerði og nágr., einn 4. sept, ellefu 11. sept, fimm 12. sept, sex 21. sept, tveir 9.

okt, einn 23.-30. okt, einn 18. des, tveir 26. des (ýmsir).

Vogar á Vatnsleysuströnd, 11. sept og 26. des (GH, GP, KM, ÓE ofl).

Álftanes, 29. okt við Lambhaga og 26. des við Hausastaði (HPH ofl).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði og nágr., tveir 9.-10. sept (BA, BP, EP), 21 fugl 11. sept (BA), um 51 fugl 16. sept, sex 16.-19. sept, 32 fuglar 18. sept ☆ (BA), 45 fuglar 20. sept, 51 fugl 22. sept, 50 fuglar 23.-24. sept, 37 fuglar 25. sept, 34 fuglar 28.-29. sept, ellefu 30. sept, fimmtán 1. okt, 30 fuglar 2. okt, 29 fuglar 3. okt, þrettán 8. okt, tólf 9.-10. okt, ellefu 11. okt, átta 12. okt, fimm 13. okt, níu 17. okt, tveir 11. nóv, einn 28. des (BB, BP, EP ofl).

Fjöruspói *Numenius arquata* (-.512,90)

Evrópa og Asía. – Vetrargestur, einkum á SA- og SV-landi.

V-Barð: Kollsvík, tveir 1.-3. ágúst (Sveinn Ólafsson).

Fossá í Vatnsfirði, 10. maí (Áke Lindström, GAG).

Eyf: Siglufjörður, 27.-30. sept (Örlygur Kristinnsson).

Gull: Miðnes (Stafnes-Garður), níu 1. jan, fjórir 2. jan, tveir 30. apríl (ýmsir). Áftur einn 2. ágúst, fimm 28. ágúst, fjórir 4. sept, níu 11. sept, þrjár 12.-18. sept, tveir 9. okt, einn 16. okt, fjórtán 23. okt, tíu 30. okt, þrjár 20. nóv, níu 26. des (ýmsir). Ekki er getið athugana frá haustinu þar sem stöku fuglar sáust.


Lambhagi á Álftanesi, sjö 23. apríl, einn 26. apríl (HPH), fjórir 29. okt (HPH).

Hliðsnes á Álftanesi, 16. júlí (GAG).

Hafnir, tveir 6. sept, einn 27. des í Ósum (EÓ, JBH).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, tólf 12. jan, átj-

13. mynd. Fjöldi lappajaðrakana sem sást í hverri viku árið 1988. – Number of *Limosa lapponica* seen each week during 1988.



án 19. jan, 21 fugl 23. jan, 23 fuglar 24. jan, þrettán 25. jan, níttján 26.-31. jan, tíu 5. feb, 24 fuglar 7. feb, níu 9. feb, sex 13. feb, fimm 15. feb, fimmtán 21. feb, ellefu 23. feb, átján 28. feb, 26 fuglar 13. mars, níu 17. mars, 24 fuglar 23. mars, einn 6. apríl. Aftur fimmtán 5. sept, átján 6. sept, sextán 7. sept, 25 fuglar 8. sept, sextán 16. sept, þrettán 1. okt, 25 fuglar 9. okt, 26 fuglar 12. okt, sauttján 23. okt, 24 fuglar 11. nóv, sauttján 23. des, 24 fuglar 24. des, 30 fuglar 25. des, fjórir 28. des (BP, EP ofl). Ekki er getið athugana þar sem stöku fuglar sáu.

N-Fing: Melrakkaslétta, þar 29. apríl, þar og hreiður með fjórum eggjum og stakur fugl 30. maí, hreiður tóm og tveir fuglar 11. júní (Jón Magnússon, Kristján Ó. Sverrisson, Sverrir Thorstensen, Ævar Petersen).

S-Fing: Út af Lynghöfða á Tjörnesi, 22. apríl (Heimir Bessason, SG).

Sótstelkur *Tringa erythropus* (2,2,1)

NA-Evrópa og Síbería. – Far- og vetrargestur í Evrópu, en er mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Árn: Hraunsárós við Stokkseyri, 16. sept (IG).

Lyngstelkur *Tringa nebularia* (2,1,2)

Skotland, Skandinavía og N-Asía austur að Kyrrahafi. – Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 31. ágúst til 2. október (BP, EP ofl), annar að auki 11. sept (BA, HB).

Trjástelkur *Tringa ochropus* (0,1,1)

NA-Evrópa og N-Asía. – Mjög sjaldgæfur flækingur.

N-Fing: Fjöll í Kelduhverfi, 7. maí (EP, ÖKN).

Ískjói *Stercorarius pomarinus* (88,101+,19)

Íshafslönd N-Ameríku og Síberíu, einnig Grænland. – Hluti stofnsins fer hér um að einhverju leyti vor og haust.

Árn: Stokkseyri, tíu 23. apríl (GAG).

S-Múl: Æðarsteinsviti við Berufjörð, ungf 31. okt ☆ (Högni Albertsson ofl).

N-Fing: Skálanes á Langanesi, tveir 24. sept (GG).

Á sjó: Skjálfandi, 29. apríl, 11. maí (Heimir

Bessason, SG).

Breiðamerkurdýpi, fullu 29. maí (BA).

Faxaflói (64°27'N, 22°49'V), 20. júlí (KM).

Eyjafjarðaráll (66°20'N, 18°50'V), 8. sept (Ib Petersen).

Um 130 sjóm N af Sléttu (68°40'N, 16°30'V), 9. sept (Ib Petersen).

Fjallkjói *Stercorarius longicaudus* (97,29,8)

Nyrsti hluti N-Ameríku, N-Evrópu og Síberíu, einnig Grænland. – Fargestur, en sjaldséðari en ískjói hér við land.

A-Barð: Króksfjarðarnes, fullu um haustið ☆ (Fjóla Jónsdóttir).

S-Múl: Djúpvogur, 3. okt ☆ (SÆ ofl).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, ungf 20. júlí (HB).

V-Skaft: Maríubakki í Fljótshverfi, 1. okt ☆ (Valdimar Einarsson).

Vestm: Heimaey, 16. okt ☆ (Ingi Sigurjónsson).

S-Fing: Haganes í Mývatnssveit, tveir 9. ágúst (ÆE, Sigrún Jónsdóttir).

Bakki á Tjörnesi, fullu 21. ágúst (BB).

Dvergmáfur *Larus minutus* (28,40,4)

Austanverð Evrópa og Mið-Asía. – Sést hér á öllum tímum árs, en er einna algengastur snemma sumars.

Gull: Jörfi á Álftanesi, fullu 1. maí (JÓH).

Seltjarnarnes, fullu 6.-7. maí í Bakkavík (BH), sennilega sami og á Álftanesi.

Garðabær, fullu 14. maí (Sigurður Hólmsteinsson), sennilega sami og áður.

A-Skaft: Þveit í Hornafirði, 13. júlí (SBI).

Höfn í Hornafirði, ársгамall 19.-28. ágúst (BA ofl).

S-Fing: Sandur í Aðaldal, ársгамall 11. júní (GH).

Hringmáfur *Larus delawarensis* (1,22,3)

N-Ameríka. – Til skamms tíma óþekktur í Evrópu, en er þar nú algengasti ameríski máfurinn. Sást fyrst á Íslandi 1978, en er nú nær árviss. Sést mest í apríl.

Gull: Sandgerði, ársгамall 1. apríl (JÓH).

Rvk: Elliðavogur, á öðru sumri 13. maí (BH), 14. mynd.

S-Fing: Reykjahlíð í Mývatnssveit, á öðru sumri 13. maí (Arnþór Garðarsson).

1987:

Rvík: Grandi, amk einn á fyrsta ári og einn fullu 13.-15. feb 1987 (Agnar Ingólfsson ofl).

Ísmáfur *Pagophila eburnea* (62,32,25)

Íshafseyjar N-Ameríku og Asíu, Svalbarði og Grænland. – Íshafsfugl, sem leitar lítið suður á bóginn á veturna. Slæðingur sést þó hér nær árlega, einkum við Norðurland.

Borg: Þyrill í Hvalfirði, fullu 30. maí (PL).

Eyf: Ólafsfjörður, ungf 6. jan (Elmar Víglundsson).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fullu 27. nóv (BA).

Skag: Saudárkrókur, ungf 31. okt (Jón Pálmason).

Snæf: Stykkishólmur, ungf 9. jan (Trausti Tryggvason).

S-Ping: Skjálfandaflljótsós í Aðaldal, tveir fullu 27. des (Vilhjálmur Jónasson).

Á sjó: Norðan Íslands (amk 18 fuglar alls): (67°21'N, 20°12'V), þrír fullu og ungf 8. feb (JÓH).

(67°17'N, 20°08'V), einn 8. feb (JÓH).

(67°26'N, 20°40'V), ungf 9. feb (JÓH).

(67°29'N, 20°55'V), tveir 9. feb (JÓH).

(67°29'N, 20°48'V), tveir fullu og einn ógr 9. feb (JÓH).

(67°29'N, 20°46'V), fullu 10. feb (JÓH).

(67°30'N, 20°45'V), fullu og ungf 10. feb (JÓH), 15. mynd.




14. mynd. Hringmáfur *Larus delawarensis* á öðru sumri. Elliðavogur, Reykjavík, 13. maí 1988. Ljós. Björn Hjaltason.

(67°30'N, 20°49'V), fjórir 10. feb (JÓH).

1987:

Á sjó: Fiskisker á Skjálfanda, ungf 10. okt 1987 ☆ (Ingólfur Arnason).



15. mynd. Fullorðinn ísmáfur *Pagophila eburnea* séður frá skipi stöddu á 67°30'N, 20°45'V, 10. febrúar 1988. Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.



16. mynd. Turtildúfa *Streptopelia turtur*. Árósi í Siglufirði, 25. september til 1. október 1988. Ljósmynd: Örlygur Kristfinnsson.

Paraperna *Sterna sandvicensis* (0,2,1)
Slitrótt við strendur Evrópu, Mið- og Suður-Ameríku. – Hefur aðeins sést tvisvar áður hér á landi.
A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 13. apríl (BA).

Kolperna *Chlidonias niger* (22,14,1)
Evrópa til Mið-Asíu, N-Ameríka. – Nær árviss hér á landi og hefur orpið hér.
Snæf: Rif, fullu 5. júlí (Sæmundur Kristjánsson).

Hringdúfa *Columba palumbus* (-,71,17)
Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Árviss að vor- og sumarlagi. Hefur orpið hér.
N-Múl: Dvergasteinn í Seyðisfirði, 17. apríl (Sigurður Filippusson).
Rang: Árgilsstaðir í Hvolhr., tvær 14. júní (Einar Lúðvíksson).

Múllakot í Fljótshlíð, tvær 25.-28. júní (Þórir Guðmundsson).
A-Skaft: Höfn í Hornafirði, tvær 15. apríl (RT).
Svínafell í Örafum, tvær 16. apríl (Jóhann Þorsteinsson).
Reynivellir í Suðursveit, 17. apríl, tvær 26.-27. apríl, ein 8.-11. maí, ein 26. maí til 4. júní (BA).

Þinganes í Nesjum, 23. apríl (RT).
Kvísker í Örafum, 28. apríl, 16. maí (HB).
Þórisdalur í Lóni, 28. maí til 7. júní (BA).
Hnappavellir í Örafum, 25. sept til 6. okt (Gísli Jónsson).
N-Þing: Raufarhöfn, 15. júlí (Frank U.

Schmidt).

Vestm: Heimaey, 30. apríl (SS).

1983:

Árn: Reykir í Ölfusi, tvær í júní til júlí 1983
☆ (Sigurður Þráinsson ofl).

Tyrkjadúfa *Streptopelia decaocto* (-,8,2)
Evrópa og N-Afríka til SA-Asíu. – Tyrkjadúfur hafa verið í stöðugri útbreiðsluaukningu, einkum í norðvestur, síðustu mannsaldra. Hafa sést hér nokkrum sinnum og orpið amk. einu sinni.

Rvík: Hjallavegur, um 10.-13. júní (JBH).
Skógræktin í Fossvogi, 2. sept (SB ofl).

Turtildúfa *Streptopelia turtur* (-,46,10)
N-Afríka og Evrópa (nema Fennóskandía) austur í Mið-Asíu. – Árviss, einkum að sumar- og haustlagi.
Eyf: Árósi í Siglufirði, 25. sept til 1. okt (Örlygur Kristfinnsson), 16. mynd.

Rang: Tumastaðir í Fljótshlíð, 24.-27. okt (ÓÓ ofl).
Rvík: Skógræktin í Fossvogi, 19. sept (HÞH, Magnús Magnússon, SB).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 26. feb til 8. maí (BA), lok sept til 4. okt (Sverrir Aðalsteinsson).

Reynivellir í Suðursveit, 17. júní, tvær 9. júlí (BA).
Kvísker í Örafum, 23. sept (HB).
Vestm: Heimaey, fundin dauð 12. okt ☆ (skv Inga Sigurjónssyni).
S-Þing: Húsavík, 9.-16. sept (SG ofl).

Gaukur *Cuculus canorus* (21,7,2)
Evrópa, Asía og Afríka. – Fremur sjaldgæfur vorflækingur hér á landi.
A-Skaft: Kvísker í Örafum, 30. maí (Helgi Björnsson).
Vestm: Heimaey, 8. maí til 12. júní (Ingi Sigurjónsson, SS).

Snæugla *Nyctea scandiaca* (-,78,10)
Nyrstu héruð Evrópu, Asíu og N-Ameríku og N-Grænland. – Sést árlega og hefur orpið hér á landi.

Árn: Nesjar í Grafningi, des (Örn Jónsson).

Borg: Oddsstaðir í Lundarreykjadal, um 20. feb (Ingibjörg Björnsdóttir).

N-Múl: Hvannárheiði, Jökuldalshr., 24. sept (Arnór Benediktsson).

Rang: Fálkhamar í Hekluhrauni, nóv (Sigurður Ásgeirsson).

Skag: Miklihöll í Viðvíkursveit, maí (Sigurfinnur Jónsson).

Strand: Trékyllisheiði, sumar (Guðbrandur Sverrisson).

Steingrímsfjarðarheiði, 13. júlí (Jón H. Jóhannsson ofl).

N-Fing: Raufarhöfn, um 19. apríl (Haukur Hreggviðsson).

Höll í Kelduhverfi, 8. des (Sigurður Yngvason).

S-Fing: Þverá í Laxárdal, 22. jan (Áskell Jónsson).

1986:

N-Ping: Hlíð á Langanesi, 29. sept 1986 (GG).

Eyrugla *Asio otus* (-,37,2)

Miðbik N-Ameríku, Evrópa og N-Afríka til Asíu. – Árviss, aðallega að haust- og vetrarlagi.

Rang: Seljaland undir Eyjafjöllum, um 20. mars til 4. apríl (Kristján Ólafsson).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 11. nóv (BA, EÓ, HB).

1982:

N-Ping: Presthólar í Núpasveit, fundin vængbrotin haustið 1982 ☆ (Hálf dán Þorgrímsson, Jónas Þorgrímsson).

Múrvölungur *Apus apus* (104,117,5)

Evrópa og NV-Afríka til Mið-Asíu. – Árviss að vor- og sumarlagi.

Árn: Vatnsvík, Finvallahr., 28. maí (KM).

Sandskeið við Svínahraun, 29. júní (Tómas G. Gunnarsson).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 5.-6. júní (BA).

Höfn í Hornafirði, 21. júlí (BA).

Á sjó: Halamið, NV af Djúpi, apríl/maí ☆ (Elmar Víglundsson).

Bláhrani *Coracias garrulus* (2,0,1)

S-Evrópa, V-Asía og NV-Afríka. – Flækingur í NV-Evrópu, og mjög sjaldgæfur hér á landi.

S-Fing: Ártún í Höfðahverfi, 6.-7. sept ☆ (Sveinn Sigurbjörnsson).

Gauktíta *Jynx torquilla* (7,0,2)

Evrópa og austanverð Asía til Kyrrahafs. – Sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, 8. sept (HPH).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 4. sept ☆ (BA).

Sönglævirki *Alauda arvensis* (-,25,2)

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Sést nær árlega hér á landi á haustin og veturna.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, tveir 9.-11. nóv (BA ofl).

Bakkasvala *Riparia riparia* (3,3,1)

Norðanverð Ameríka, Evrópa, Asía og norðanverð Afríka. – Sjaldgæfur flækingur hér á landi.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 14.-18. ágúst (BA).

Landsvala *Hirundo rustica* (-,213,98)

Evrópa, N-Afríka, Asía og N-Ameríka. – Algeng á vorin og hefur orpið hér alloft. – 17. og 18. mynd.

Árn: Laugarvatn, 30. apríl (JBH).

Snæfoksstaðir í Grímsnesi, 3. maí (ÖÓ).

Selfoss, 6.-9. júní (ÖÓ ofl).


V-Barð: Lambavatn á Rauðasandi, 28.-29. maí (Tryggvi Eyjólfsson).

Breiðavík, tvær fullu frá júní til amk 20. júlí, sex til átta fuglar um mánaðamót júlí/ágúst, þar sem hefur orpið þar og komið upp fjórum til sex ungum (Jónas Jónsson ofl).

Kollsvík, 1. ágúst (Sveinn Ólafsson).

Borg: Stórás í Hálsasveit, 22. okt (Bjarni Ásgeirsson).

Dal: Galtardalur á Fellsströnd, 5. júní (Erla Ásgeirsdóttir).



17. mynd. Staðir þar sem landsvölur sáust árið 1988 og fjöldi fugla. – *Localities and number of Hirundo rustica seen each week during 1988.*

Gull: Seltjarnarnes, 2. maí við Eiðistorg, (Jón Á. Þórisson).

Garðskagi, tvær 7.-9. maí (GP, Grétar Eiríksson ofl).

Garður, tvær 10. maí, fjórar 12. maí, ein 14. maí (Ann O'Leary ofl).

N-Ísf: Hvítanes við Ísafjarðardjúp, 8. júní (Kristján Kristjánsson).

V-Ísf: Suðureyri við Súgandafjörð, 1.-25. júní (Róbert G. Schmidt ofl).

N-Múl: Teigur í Vopnafirði, 8. maí (Pétur V. Jónsson).

Þorbrandsstaðir í Vopnafirði, tvær 8.-9. maí (Hallgrímur Helgason ofl).

Ljósstaðir í Vopnafirði, í lok maí (Erlingur Pálsson).

Merki á Jökuldal, tvær 19. maí (Lilja Ólafsdóttir).

S-Múl: Neskaupstaður, 16. apríl (MG).

Skorrastaður í Norðfirði, sex apríl til júní (MG).

S-Múl: Innri-Kleif í Breiðdal, 7.-8. maí (Ingólfur Reimarsson ofl), 3. júní (SSI ofl).

Gautavík í Berufirði, tvær 11. maí (skv SÆ).

Berufjörður, fjórar 12. maí (skv SÆ).

Breiðdalsvík, tvær 20. maí (BB ofl).

Djúpivogur, tvær 29. maí (SÆ).

Stöðvarfjörður, í byrjun júní (Svavar Ingólfsson).

Vattarnes við Reyðarfjörð, fundin dauð í sept ☆ (Helena Baldursdóttir).

Rang: Skógar undir Eyjafjöllum, 12. maí, tvær 25.-26. maí (Jón Einarsson), ein 11. júlí (EP ofl).

Við Skógafoss undir Eyjafjöllum, fimm 11. júlí (EP ofl).

Skógasandur undir Eyjafjöllum, 11. júlí (EP ofl).


Rvík: Elliðavatn, ein í lok maí, tvær júní til ágúst (Christian Ziemsen).

Skag: Brekka í Seyluhr., 8. maí (Magnús Óskarsson).


Hólar í Hjaltadal, 9. maí (Erla Hjálmarisdóttir).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 30. apríl, tvær 7.-10. maí, ein 13. maí, ein 3. nóv (HB).

Reynivellir í Suðursveit, fimm 8. maí, átta 9. maí, amk tíu 10.-11. maí, tvær 26. maí (BA).



18. mynd. Fjöldi land-svala og bæjasvala sem sást í hverri viku árið 1988. – *Number of Hirundo rustica and Delichon urbica seen each week during 1988.*





19. mynd. Staðir þar sem bæjasvölur sáuast árið 1988 og fjöldi fugla. – *Localities and number of Delichon urbica seen each week during 1988.*

- Hestgerði í Suðursveit, 9. maí (BA).
 Hof í Öräfum, tvær 9. maí (HB).
 Við Laxá í Nesjum, tvær 11. maí (Karl Skírnisson).
 Brunnhóll á Mýrum, 12. maí (RT).
 Svínafell í Öräfum, 15.-18. maí (JP).
 V-Skaft: Garðar í Mýrdal, ein 9.-13. maí (Indriði Loftsson).
 Vík í Mýrdal, tvær 7.-15. júní (JBH ofl).
 Snaf: Arnarstapi, tvær 2. júní (Hjörleifur Stefánsson).
 Vestm: Heimaey, tvær 14. maí, tólf 29. maí (SS).
 S-Ping: Víðiker í Bárðardal, 5.-7. maí ☆ (Sverrir Thorstensen).
 Þverá í Laxárdal, 7.-10. maí (Áskell Jónasson).
 Svartárkot í Bárðardal, 11.-12. maí (Tryggvi Harðarson).
 Húsavík, 11.-12. maí (HE ofl), 4. okt (Ingvar P. Guðjónsson).
 Garður í Mývatnssveit, miður maí ☆ (Haukur Hreggviðsson).
 Sílalækur í Aðaldal, þrjár um vorið (Vilhjálmur Jónasson).
 Á sjó: Út af Austfjörðum, í byrjum sept ☆ (Logi Sigurðsson).

1981:

N-Ping: Kópasker, tvær vorið 1981 (Guðmundur Baldursson).

1987:

A-Skaft: Við Laxá í Nesjum, 30. maí til 2. júní 1987 (Karl Skírnisson), tvær 7. júní (Hákon Skírnisson).

Brandsvala *Hirundo daurica* (0,0,1)

S-Evrópa, S-Asía og Afríka. – Fremur sjaldséð í N-Evrópu. Hefur ekki sést hér á landi áður (sjá Blika 8: 53-55).

Árn: Selfoss, 3.-9. júní (Aldís Bjarnardóttir, Óskar P. Sigurðsson, ÖÓ ofl).

Bæjasvala *Delichon urbica* (-,156,29)

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Algeng á vorin og hefur orpið hér. – 18. og 19. mynd.

Eyf: Siglufjörður, 30. maí (Örlygur Kristfinnsson).

The Mute Swan *Cygnus o* recorded in Iceland

The Mute Swan *Cygnus olor* is recorded here for the first time as a non-introduced bird from Iceland. A single bird was seen with Whooper Swans *C. cygnus* on 2 June and 5 July at Lón, SE Iceland. Mute Swans were introduced in the '50s and bred ferally for about 20 years but this group died out by 1977 (Ólafur K. Nielsen 1985).

Skarphédinn Þórisson, Smárahvammi 1B, 701 Egilsstaðir

Efjutíta syngjandi á Tjörnesi

Síðan 1981 hef ég ásamt félögum mínum unnið í Þingeyjarsýslum við rannsóknir á fálka *Falco rusticolus*. Einn þáttur fálkarannsókna er árleg könnun á ástandi rjúpnastofnsins, enda er rjúpa *Lagopus mutus* aðalfæða fálka. Til að fylgjast með stærð rjúpnastofnsins teljum við árlega rjúpur á nokkrum svæðum. Hér er ekki ætlunin að gera grein fyrir niðurstöðum fálkarannsókna heldur segja frá athugunum á sjaldgæfum vaðfugli, efjutítu *Limicola falcinellus*, sem við höfum rekist á í rjúpnatalningum síðustu ár.


Minnssta rjúpnatalningasvæðið, en jafnframt það auðugasta er á Tjörnesi. Hluti þessa talningasvæðis er blaut mýri (um 70 ha), en stærstur hluti þess er lyngmóar. Mýrin er í um 90 m hæð yfir sjó og fjarlægð til sjávar er 1,5 km. Miklið af rjúpu verpur á þessu svæði, af öðrum varpfuglum eru þúfuttlingur *Ant-hus pratensis*, heiðlóa *Pluvialis apricaria*, lóupræll *Calidris alpina* og hrossagaukur *Gallinago gallinago* mest áberandi, en einnig verpur nokkuð af spóa *Numenius phaeopus*, stelk *Tringa totanus*, sendlingi *Calidris maritima* og kjóa *Stercorarius parasiticus*. Svartbakur *Larus marinus* og grágæs *Anser anser* hafa orpið og stökkönd *Anas platyrhynchos* og grafönd *Anas acuta* hafa sést á varptíma.

Vorið 1987 fór ég norður til fálkarannsókna ásamt Ólafi Einarssyni. Hinn 24. maí töldum við rjúpur á Tjörnesi. Við hófum talningu kl. 20.45. Veður var hagstætt þennan dag, hægviðri og skýjað en úrkomulaust. Utifyrir ströndinni og í Tjörnesfjöllum var þoka. Við byrjuðum að telja syðst og gengum í norður, Ólafur taldi í mounum næst mýrinni en ég gekk samsíða honum of-

ar. Talning gekk vel og bar fátt til tíðinda fyrr en við vorum komnir á mótis við norðurendann á mýrinni, þá sáum við að þokan var að koma og greikkuðum sporin til að ljúka talningunni. Síðustu spildunni skiptum við í tvo skika og töldum þá hvor í sínu lagi. Fljótlega eftir að leiðir skildu sá Ólafur sérkennilegan vaðfugl á söngflugi yfir mýrinni með lóuprælum. Þetta var tegund sem hann hafði aldrei séð áður, en vegna rjúpnatalningar ákvað hann að láta greiningu bíða betri tíma. Strax að lokinni talningu fórum við saman á vettvang, við heyrðum í fuglinum en gátum ekki skoðað hann vegna þoku.

Daginn eftir, 25. maí, mættum við á hádegi og dvöldum í tvær klukkustundir. Veður var mun hagstæðara en kvöldið á undan, sólskin og blíða. Við sáum fuglinn nær strax. Hann hélt sig á sömu slóðum og flaug ýmist syngjandi eða sat í mýrinni. Það var erfitt að finna hann sitjandi og náðum við aðeins að skoða hann þannig einu sinni á um 40 m færi í fjarsjá (22× stækkun).

Þetta var lítill vaðfugl, áberandi minni en lóupræll og virtist hlutfallslega lágfættari. Fuglinn var dökkur að ofan og niður á bringu en ljós að neðan, með ljós vængbelti. Nefið var svipað og á lóupræl og örlítið sveigt í endann. Það var dökkt nema nefrótin, sem virtist gul eða rauðleit. Fætarnir voru dökkir. Fjaðrir á baki voru dökkar, næstum svartar, með ljósum jöðrum. Munstur á höfði var áberandi, hann var með dökkar kollrákir, eina breiða sem náði frá enni eftir miðjum kalli aftur á hnakka og tvær grennri kollhlidarrákir, en þær náðu ekki eins langt fram og kollrákin og sameinuðust henni aftur á hnakka. Hvítir geirar á milli kollráka stungu



1. mynd. Efjutíta. Teikning Jón Baldur Hlíðberg.

mjög í stúf við dökkann taum og augnrák. Samkvæmt þessari lýsingu kemur ekki annað til greina en efjutíta.

Efjutítan sat þögul í mýrinni eða flaug um syngjandi. Stundum var hún ein en oftast með lóuprælum. Fimm til tíu lóuprælar a.m.k. voru á söngflugi yfir mýrinni þennan dag. Söngflug efjutítunnar var tvenns konar. Annars vegar flaug hún frekar hægt og hreyfði vængina mjög ört líkt og stelkur á biðilsflugi, milli þess sem hún sveif þöndum vængjum. Hins vegar flaug hún mjög hratt, þaut áfram og tók djúpar dýfur. Svæðið sem hún spannaði á söngflugi var um 1200 m í þvermál. Röddin var sérkennileg en minnti nokkuð á söng lóuprælar. Samkvæmt háttæni efjutítunnar hefur hér verið á ferðinni karlfugl. Karlfuglar helga sér svæði á varptíma og auglýsa veru sína með söng. Kvenfuglar taka þátt í þessum flugleikjum um pörunartímann en syngja ekki. Allar upplýsingar um lífshætti efjutítu eru fengnar úr „Birds of the Western Palearctic“ (Cramp og Simmons 1983).

Eftir þetta sást efjutítan nokkrum sinnum í júní, alltaf á sama stað og syngjandi. Síðasta athugun þetta sumar er frá 17. júní (Gaukur Hjartarson og Pröstur Eysteinnsson). Ég og Einar Þorleifsson leitum að henni 25. júní og Gaukur Hjartarson og Heimir Eiríksson daginn eftir, en án árangurs.

Það var með nokkurri tilhlökkun sem við Einar Þorleifsson hófum rjúpnatalningu á Tjörnesi hinn 23. maí 1988. Þegar við komum nyrst í mýrina, settumst við niður og biðum. Það liðu ekki nema nokkrar mínútur uns við heyrðum í efjutítu. Fuglinn hagaði sér líkt og áður, flaug syngjandi, einn eða með lóuprælum, milli þess sem hann sat í mýrinni. Eftir þetta sást efjutítan nokkrum sinnum, síðast 17. júní (Heimir Eiríksson). Gaukur Hjartarson o.fl. leitudu að henni 21. júní og ég 10. og 17. júlí, en hún sást hvergi.

Vorið 1989 taldi ég rjúpur á Tjörnesi 12. maí. Mikill snjór var á svæðinu og fáir farfuglar komnir. Ég sá hvorki lóupræl né efjutítu. Ég kom aftur á svæðið

ásamt Einari Þorleifssyni 26. júní og við sáum um 20 lóupræla en enga efjutítu. Húsvískir fuglaskoðarar, sem heimsóttu svæðið þetta sumar, höfðu heppnina með sér. Heimir Eiríksson og Birkir Bárðarson komu 30. maí og sáu efjutítu á söngflugi í mýrinni. Gaukur Hjartarson kom á vettvang 19. júní og nú fóru hlutirnir að gerast. Fyrst fældi hann upp tvær efjutítur, þær flugu saman og önnur söng en hin var þögul. Á sama tíma heyrði hann í þriðju efjutítunni. Samkvæmt atferli fuglanna hafa hér verið á ferðinni tveir karlfuglar og kvenfugl. Gaukur og Heimir komu daginn eftir, 20. júní, og sáu tvær efjutítur. Fuglarnir voru saman og annar söng en hinn var þögull.

Vorið 1990 var enn á ný haldið norður til rjúpnarannsóknna. Við Einar Þorleifsson töldum rjúpur á Tjörnesi 16. maí og heyrðum í syngjandi efjutítu á sama stað og áður, en við sáum ekki fuglinn. Ég kom aftur á svæðið 5. júní ásamt Kristjáni Lilliendahl og nokkrum líffræðinimum, og sáum við eina efjutítu á söngflugi. Fuglinn sást a.m.k. tvisvar eftir þetta, syngjandi yfir mýrinni, fyrst 11. júní (Heimir Eiríksson) og síðan 16. júní (Gaukur Hjartarson, Heimir Eiríksson, Brynjúlfur Brynjólfsson, Hermann Bárðarson).

Efjutíta er varpfugl í Skandinavíu og í Sovétríkjunum á Kólaskaga og í Síberíu. Hún er sjaldgæf í Noregi, í Svíþjóð og Finnlandi er sagt að verpi um 16.000 pör, en ekki er vitað um stofnstærð í Sovétríkjunum. Varpkjörlendi efjutítu er blautar mýrar til fjalla og á láglendi. Hún gerir sér hreiður í grasbrúski, oft úti í blautustu flóum. Eggin eru fjögur líkt og hjá flestum öðrum vaðfuglum. Bæði kyn liggja á en karlfuglinn sér að mestu leyti um uppeldi unga. Sumarfæða efjutítu eru ýmsir hryggleysingar, t.d. mý og mýlirfur, bjöllur o.fl.

Efjutíta er farfugl og er fjöruflugl á veturna. Vetrarstöðvar hennar eru í A-Afríku, S- og SA-Asíu, og Ástralíu.

Farleiðir skandinavískra efjutíta liggja í suður og suðaustur, og efjutítur eru til-tölulega fátíðir gestir í V-Evrópu. Að-alfartími hennar á haustin er á tímabilinu júlí-ágúst og á vorin á tímabilinu apríl-maí.

Fyrir utan þessi fjögur tilvik frá Tjörnesi hafa stakar efjutítur sést hér tvisvar, í bæði skiptin á Suðvesturlandi:

1. 25. ágúst 1979 í Sandgerði. Miðnesi, Gull. (Gunnlaugur Pétursson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1980).
2. 25. maí 1985 á Seltjarnarnesi. (Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1988).

Báðar þessar athuganir eru frá far-tíma tegundarinnar og fuglarnir voru í lóuprælhópum við ströndina.

Það er í sjálfu sér vart í frásögu fær-andi þó sjaldgæfur fugl sjáist hér á landi. Það sem er athyglisvert við þessar athuganir frá Tjörnesi er að efjutíta hefur sést fjögur ár í röð á sama svæði og fuglarnir eru með óðalsatferli í varpkjörlendi á varptíma. Allar aðstæður á Tjörnesi ættu að henta tegundinni til varps, en hvort hér sé nýtt flóastelksævintýri í uppsiglingu (Arnþór Garðarsson 1969, Galbraith og Thompson 1981) eða aðeins eitt einstakt atvik mun framtíðin leiða í ljós.

Jóhann Óli Hilmarsson las þessa grein yfir í handriti og færði margt til betri vegar.

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 1969. Er flóastelkur (*Tringa glareola*) varpfugl á Íslandi? Náttúrufræðingurinn 39: 10-16.
- Cramp, S. og K.E.L. Simmons (ritstjórar) 1983. The Birds of the Western Palearctic. 3. bindi. Oxford University Press, London. 913 bls.
- Galbraith C.A. og P.S. Thompson 1981. Flóastelkur (*Tringa glareola*) varpfugl á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 51: 164-168.
- Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1988. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1985. Bliki 6: 33-68.

Gunnlaugur Pétursson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1980. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1979. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrit. 32 bls.

SUMMARY

A territorial Broad-billed Sandpiper on Tjörnes, NE Iceland

The author has been studying Gyrfalcons *Falco rusticolus* in NE Iceland since 1981. As a part of this study the Rock Ptarmigan *Lagopus mutus* population is censused annually. One of the census plots is on Tjörnes Peninsula. Part of this study plot is a heath and part of it is a wet *Carex* marsh (70 ha). Ptarmigan are common breeders on this plot. Other common breeding birds include Meadow Pipit *Anthus pratensis*, Golden Plover *Pluvialis apricaria*, Dunlin *Calidris alpina* and Snipe *Gallinago gallinago*; also found breeding are Arctic Skua *Stercorarius parasiticus*, Whimbrel *Nycticorax nycticorax*, Redshank *Tringa totanus*, and Purple Sandpiper *Calidris maritima*. Great Black-backed Gull *Larus marinus* and Greylag Goose *Anser anser* have bred, and Mallard *Anas platyrhynchos* and Pintail *Anas acuta* have been observed during the breeding season.

On 24 May 1987 a fellow worker and I observed a Broad-billed Sandpiper *Limicola falcinellus* on the Ptarmigan study plot at Tjörnes. The bird was observed displaying in flight, alone and with Dunlins over the marsh. Judging by behaviour (flight

song) this was a male. It was observed several times during the summer on this same spot last on 17 June.

There are only two older records of this species in Iceland. Both refer to passage birds seen on the coast in SW Iceland, one 25 August 1979 at Sandgerði, and the other 25 May 1985 at Seltjarnarnes.

A displaying Broad-billed Sandpiper was observed in the same area at Tjörnes on 23 May 1988. The bird behaved in the same manner as before. It was observed several times during early summer. The last observation was made on 17 June.

A displaying Broad-billed Sandpiper was observed again in this area on 30 May 1989. On 19 June two birds were seen together. One of them sang in flight the other remained silent (probably a female). At the same time a third bird was heard singing over the marsh. On 20 June two birds were seen flying together over the marsh, one of them sang.

In 1990 a displaying Broad-billed Sandpiper was observed in the area four times between 16 May and 16 June.

These observations from Tjörnes are of interest as the birds have been seen annually in the same general area of potential breeding habitat and engaged in territorial behaviour. Definite proof of breeding is still lacking.

Ólafur Karl Nielsen, Marítubakka 26, 109 Reykjavík.

Mistilpröstur verpur í Bárðardal

Vorið 1988 gerði stakur mistilpröstur *Turdus viscivorus* tilraun til varps við bæinn Engi í Bárðardal, S.-Þingeyjar-sýslu. Fuglinn byrjaði á hreiðurgerð inni í gamalli verkstæðisbyggingu í síðustu viku maí. Hreiðrið var á þverbita á vegg rétt innan við stóra hurð.

Ekki lauk fuglinn við hreiðrið vegna truflunar. Hóf hann strax að byggja annað hreiður ofan áburðardreifara sem staðsettur var bak við fyrrnefnt verkstæði. Um mánaðamótin maí/júní voru komin 5 egg í hreiðrið.

Þar sem komið var að dreifingu áburðar og nota þurfti dreifarann, var hreiðrið sett í u.þ.b. 20 cm hátt járnror ofan á olíutunnu, sem var sett á sama stað og sams konar að lit og dreifarinn

(1. mynd). Þessi flutningur hafði engin áhrif á fuglinn, því hann sást liggja á hreiðrinu næstu 13-14 daga. Hreiðrið blasti við úr glugga bilaverkstæðis og Tryggvi Valdimarsson, bifvélavirki og bóndi á Engi, segist hafa séð haus og stél fuglsins, þar sem hann lá á.

Um svipað leyti sagði Tryggvi mér frá flutningi hreiðursins, sem hann taldi vera hreiður skógarprastar *Turdus iliacus*. Þar eð skógarprestir eru algengir varpfuglar á þessum slóðum, fór ég ekki að hreiðrinu fyrr en ég taldi að ungar væru orðnir nógu stórir til að merkja þá. Þann 17. júní kom ég svo að hreiðrinu en sá strax, að hér gat ekki verið um skógarpröst að ræða. Það var allt grófara og stærra en hreiður skógarprastar



1. mynd. Mistilprastarhreiður að Halldórsstöðum í Bárðardal, S.-Þing. – A nest of Mistle Thrush *Turdus viscivorus* at the farm Halldórsstaðir, Bárðardalur, N. Iceland. Ljósma.: Sverrir Thorstensen, 20. júní 1988.

og ystu lög þess voru úr bláum bagga-böndum. Eggin voru töluvert stærri en skógarprastaregg og verulega frábrugðin að lit. Grunnlitur þeirra var ljósdrappur með ljósbrúnar doppur og flikur (1. mynd). Eggin voru í kaldara lagi og ég varð ekki var við fuglinn. Um kvöldið sama dag fór ég aftur að hreiðrinu. Eggin voru þá köld og enginn fugl sjáanlegur sem fyrr.

Að kvöldi 19. júní kom Þórey Ketilsdóttir að hreiðrinu. Fuglinn lá þá á en fældist af þegar hún nálgast. Veður var heldur óhagstætt, hvasst og frekar kalt. Lýsir Þórey fuglinum þannig: „Áberandi stærri en skógarpröstur og gráleitur á baki. Vegna hvassviðris var þó erfitt að gera sér grein fyrir litnum, þar sem allt fiður snéri öfugt. Þegar hann flaug af, rak hann upp háværan skræk. Hljóðið líktist alls ekki hræðslu-hljóði skógarprastar. Fuglinn flaug enn fremur af hreiðrinu á móti sól, svo ég sá aðeins útlínur hans og gat ekki gert mér grein fyrir lit“.

Þegar ég kom að hreiðrinu 20. júní, voru eggin köld. Álegufuglinn var hvergi sjáanlegur og hafði ekki sést þann dag.

Þann 23. júní fór ég í síðasta sinn að hreiðrinu. Eggin voru isköld og sýnilega yfirgefin. Hreiðri og eggjum var því safnað, og einnig var hálfbyggða hreiðrið í gamla verkstæðinu tekið, og er þetta nú varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands. Við samanburð eggja nokkurra prastategunda, var greinilega staðfest, að hér hafi mistilpröstur orpið. Þegar blásið var úr eggjunum, kom í ljós að þau voru ófrjó. Sennilegt er því, að þetta hafi verið kvenfugl sem var eins síns liðs við þennan búskap, enda sást aldrei nema stakur fugl.

Mistilpröstur er algengur varpfugl í Evrópu, allt frá Svíþjóð og Finnlandi í norðri, suður að Miðjarðarhafi. Einnig verpur hann í N.-Afríku. Kvenfuglinn gerir sér vanalega hreiður úr stráum, laufblöðum og mold. Eggin eru oftast 4,

og liggur kvenfuglinn á í 12-15 daga (Cramp 1988). Það er því ljóst, að fuglinn á Halldórstöðum var búinn að liggja á vel rúmlegan útungunartíma, e.t.v. á fjórðu viku.

Þetta er í fyrsta sinn sem mistilpröstur reynir varp hér á landi, svo vitað sé. Hann er annars sjaldgæfur flækingsfugl hér, en á árunum 1979-1986 sáust mistilprestrir 15 sinnum hérlandis (Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1989).

HEIMILDIR

Cramp, S. (ed.) 1988. The Birds of the Western Palearctic. Vol. 5. Oxford.

Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1989.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1986. Biki 7: 23-48.

SUMMARY

Mistle Thrush *Turdus viscivorus* breeds in Iceland

The Mistle Thrush *Turdus viscivorus* is an uncommon vagrant bird in Iceland. There are fifteen records between 1979 and 1986 (inclusive) (Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1989).

In late May 1988 a nest was discovered on the farm Halldórstaðir, Bárðardalur valley, N.-Iceland. This was deserted, due to disturbance, and another nest built nearby, in which 5 eggs had been laid by end of May / beginning of June. The farm people, being non-ornithologists, thought the nest belonged to a Redwing *Turdus iliacus*, a common breeder in the country. Therefore, no attempt was made to check the nest until June 17, but then it became obvious that this wasn't a Redwing's nest. Although no bird was observed, the nest structure and the eggs were very different from those of the Redwing. The bird was never seen again except once (in very poor light) by Þórey Ketilsdóttir, who confirmed that though obviously a thrush the bird was no Redwing.

After repeated visits it became clear that the nest had been abandoned. On June 23 both nests as well as the eggs were collected, and these are now preserved at the Icelandic Museum of Natural History. The eggs were compared with different thrush eggs at the museum, and they completely matched those of Mistle Thrush. On blowing the eggs were clearly infertile, which agrees with the field observations of a single bird only.

This is the first time Mistle Thrush attempts to breed in Iceland, although only a single bird was involved.

Sverrir Thorstensen, Stórutjarnaskóla, 601 Akureyri.

FUGLARANNSÓKNIR Á ÍSLANDI

Ævar Petersen vinnur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og er deildarstjóri dýrafræðideildar. Ib Krag Petersen er við nám í dýrafræði við háskólann í Kaupmannahöfn og hefur stundað rannsóknir á fuglum á Íslandi um margra ára skeið. Hann vinnur nú að lokaritgerð sem byggir á þeim gögnum sem hér er skýrt frá. – *Rimefnd.*

Athuganir á sjófuglum á hafi úti

Í september ár hvert síðan 1987 hefur verið unnið að rannsóknum á hafi úti milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands. Leiðangrar þessir, sem farnir eru á haf-rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni, er samvinnuverkefni íslenskra og danskra vísindamanna úr ýmsum fræðigreinum. Margar stofnanir eiga í hlut, á Íslandi t.a.m. Hafrannsóknastofnun, Veðurstofa Íslands, Raunvísindastofnun háskólans, Geislavarnir ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands, en í Danmörku, Grænlenska hafrannsóknastofnunin, Hafrannsóknastofnun Kaupmannahafnarháskóla og Rannsóknastofnunin í Risø. Annars er verkefnið í heild alþjóðlegt og gengur undir nafninu „The Greenland Sea Project“, og taka þátt í því vísindamenn frá löndum austanhafs og vestan.

Rannsóknasvæði Íslendinga og Dana er í vesturhluta Íslandshafs, þ.e. á hafinu fyrir A-Grænlandi, norðan frá Jan Mayen suður á Grænlandssund. Aðrar þjóðir starfa á enn norðlægari hafsvæðum. Tilgangur rannsókna er að skoða hafið frá sem flestum hliðum, bæði ólífræna og lífræna þætti þess. Þannig rannsaka hafræðingar, svo dæmi séu tekin, strauma og hitastig, geislafræðingar ræfleiðni og geislavirkni, hafísfræðingar dreifingu á hafís, dýrafræðingar svif og fiskgöngur, o.s.frv. Það kom í hlut Náttúrufræðistofnunar að hafa umsjón með talningum á fuglum (og spendýrum). Hér er greint frá þeim þætti rannsókna er lýtur að fuglum.

Talningar

Fuglatalningar úti á sjó fara þannig fram, að athugandi kemur sér fyrir efst á skipi og telur alla fugla sem sjást á 300 m breiðu beltum út frá skipshlið (sbr. Blake o.fl. 1984). Með slíkum stöðluðum talningum fást upplýsingar um (1) þær fuglategundir sem eru á svæðinu, (2) fjölda þeirra og (3) þéttleika (dreifingu). Þar eð upplýsingum er safnað með stöðluðum aðferðum er unnt að bera saman niðurstöður frá mismunandi svæðum og frá sömu svæðum milli ára. Verið er að vinna gögnin úr þeim fjórum leiðöngrum sem farnir hafa verið.

Á Íslandshafi eru fremur fáar tegundir af fuglum í september. Helstu tegundir, sem þar er að finna, eru fýll, ískjói, hvítmáfur, rita, haftyrdill og stuttnefja. Upp við Ísland bætast fleiri tegundir við, en algengastar þeirra eru álka, langvía og lundi. Ennfremur hafa sést ýmsar aðrar áhugaverðar tegundir, s.s. himbrimi, gráskrofa, hvítfálki, skúmur, fjallkjói, ísmáfur og snægla. Alls hefur orðið vart 39 tegunda í leiðöngrunum fjórum.

Fyrstu útreikningar benda til þess, að þéttleiki fugla sé óvenjumikill á Íslandshafi í september, miðað við að um opið haf er að ræða. Ástæðan er sú, að há-norrænir fuglar eru á leið suður á bóginn á þessum árstíma. Þetta á einkum við um stuttnefju, sem er á leið frá Jan Mayen, Svalbarða, Bjarnareyju, N-Norregi og Sovétríkjunum til vetrarstöðvanna við vestanvert Grænland og Ný-



1. mynd. Hafrannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson með hafís í baksýn. – *The marine research vessel Bjarni Sæmundsson and polar ice.* Ljós. Ib K. Petersen, september 1988.


fundnaland (Kampp 1988). Athuganir á ritum bentu líka eindregið til þess, að þær væru á farflugi. Suðvestur af Jan Mayen sáust ritur t.d. á markvissu flugi til suðvesturs. Þar var bæði um ungar og fullorðnar ritur að ræða. Ferðir ískjóa um Íslandshaf virðast ekki reglubundnar. Talsverður fjöldi sást af þeim árið 1987, en aðeins fáir fuglar 1988 og 1989. Árið 1990 sáust allmargir ískjóar, þótt þeir væru ekki eins algengir og 1987. Nær eingöngu hafa sést fullorðnir fuglar. Farhættir ungra ískjóa virðast vera frábrugðnir farháttum eldri fugla.

Söfnun fugla

Árin 1987 og 1988 var safnað nokkrum fuglum, m.a. til þess að (1) forvitnast um fæðu þeirra, (2) athuga fjáðrafelli og (3) reyna að ákvarða hvaðan fuglarnir væru ættaðir, en fyrir utan að athuga og mæla hami var tekið blóð úr fuglunum til rafgreiningar seinna árið. Jafnhliða (4) var aukið við vísindasafn (hamasafn) Náttúrufræðistofnunar.

Síðustu ár hefur víða í heiminum verið unnið að því að þróa nákvæmari aðferðir en hingað til hafa verið notaðar til að greina erfðabreytileika í fuglum. Þessar aðferðir eru enn sem komið er mest notaðar við rannsóknir á skyldleika tegunda. Þó standa vonir til þess, að með þeim verði einnig unnt að greina uppruna einstaklinga. Rafgreining á eggjahvítuefnum í blóði gæti því að hluta komið í stað merkinga í framtíðinni. Til þess að slíkt megi takast, verður breytileiki erfðapátta í fuglum úr ýmsum vörpum að vera þekktur. Fuglar á Íslandshafi gætu verið komnir víða að, frá Íslandi, Grænlandi, Jan Mayen, Svalbarða, Bjarnareyju, N-Noregi og Sovétríkjunum, en upplýsingar eru enn ekki til frá öllum þessum stöðum. Aðferðir við erfðagreiningu eru heldur ekki orðnar nógu þróaðar til þess að sundurgreina mismunandi einstaklinga sömu tegundar með nægilegri nákvæmni. Á meðan bíða blóðsýnin betri tíma.

2. mynd. Leiðin sem farin var í rannsóknaleiðangrinum í september 1988. – *Transect covere* during the *September 1988 expedition*.



Alls var 120 fuglum safnað, 74 árið 1987 en 46 árið 1988. Hamir þeirra og bein eru varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands. Skipting eftir tegundum er þessi (fjöldi 1987 fyrst, þá 1988): Fýll (9,15), skúmur (1,0), ískjóí (16,0), hvítmáfur (2,3), ísmáfur (7,0), rita (17,17), teista (3,0), stuttnefja (11,2), haftyrdill (8,7), lundi (0,1) og steindepill (0,1). Enn er verið að vinna úr fæðusýnum, svo ekki er unnt að greina frá niðurstöðum hér.

Umræða

Talningar á fuglum úti á sjó hefur verið snar þáttur í fuglarannsóknum víða um heim síðasta aldarfjórðung. Víðtækar talningar fóru fram á árunum milli 1975 og 1985, oft í tengslum við olíuleit á sjávarbotni, sem stórzókst á þessu tímabili.

Yfirgripsmiklar talningar á sjófuglum hafa farið fram á svæðinu milli Jan Mayen og Svalbarða, á N-Grænlandshafi og Noregshafi, frá Svalbarða suður til Norðursjávar (Blake o.fl. 1984, Tasker o.fl. 1987, Mehlum 1989), einnig í

kringum Færeyjar (Danielsen o.fl. 1990). Hafið umhverfis Ísland hefur verið lítt kannað m.t.t. fjölda fugla og útbreiðslu þeirra. Það á við um Íslandshaf, en einnig Grænlandssund, hafið suðvestur og suður af Íslandi. Innan íslenskrar efnahagslögsögu eru aðeins til mjög rýrar upplýsingar um fugla úti á sjó. Staðlaðar talningar eru nauðsynlegar til þess að meta fjölda og útbreiðslu fugla, en slíkar rannsóknir hafa vart farið fram hér við land.

Bjarni Sæmundsson var fyrstur manna til að greina að marki frá fuglum sem saúst úti á hafi á Íslandsmiðum á fyrstu áratugum aldarinnar, þótt hann studdist ekki við talningar. Lítilsháttar gögn, stundum tilfallandi í hafrannsóknaleiðöngnum, eru til frá nokkrum erlendum fuglaskoðurum sem átt hafa leið um íslenska hafsvæðið. Ritgerðir, sem byggja á talningum, eru allar nýlegar, en þær helstu eru eftir Joiris (1976), Brown (1984) og Danielsen o.fl. (1990).

Þessar athuganir okkar auka því verulega þekkingu á sjófuglum á hafi úti.

Petta eru fyrstu talningar sem gerðar eru á Íslandsmiðum nokkur ár í röð á sama svæði. Aðeins með slíkum talningum fást upplýsingar um breytingar frá ári til árs. Hér er um algjörar frumrannsóknir að ræða, enda eru þær bundnar við september og aðeins takmarkaðan hluta af íslenska hafsvæðinu. Til þess að fá heilsteypta mynd af þætti fugla í vistkerfi sjávarins verður að rannsaka fuglalífið á öllum tímum árs, á mismunandi svæðum umhverfis land og breytingar frá ári til árs.

ÞAKKIR

Við þökkum Kaj Halberg og Michael Kzie Poulsen innilega fyrir hjálp við söfnun upplýsinga, en þeir sáu um talningar 1989 og 1990. Svend-Aage Malmberg á Hafrannsóknastofnun gerði okkur kleift að taka þátt í verkefninu. Fyrir það á hann innilegar þakkir skyldar.

HEIMILDIR

- Blake, B.F., M.L. Tasker, P. Hope Jones, T.J. Dixon, R. Mitchell & D.R. Langslow 1984. Seabird distribution in the North Sea. Nature Conservancy Council, Huntingdon.
- Brown, R.G.B. 1984. Seabirds in the Greenland, Barents and Norwegian Seas. February-April 1982. Polar Research N.S., 2: 1-18.
- Danielsen, F., H. Skov, J. Durinck & D. Bloch 1990. Marine distribution of seabirds in the Northeast Atlantic between Iceland and Scotland. June-September 1987 and 1988. Dansk Orn. Foren. Tidsskr. 84: 45-63.
- Joiris, C. 1976. Seabirds seen during a return voyage from Belgium to Greenland in July. Le Gerfaut 66: 63-87.
- Kampp, K. 1988. Migration and winter ranges of Brünnich's Guillemots *Uria lomvia* breeding or occurring in Greenland. Dansk orn. foren. Tidsskr. 82: 117-130.
- Mehlum, F. 1989. Summer distribution of seabirds in northern Greenland and Barents Sea. Norsk Polarinst. Skrifter 191. 56 bls.
- Tasker, M.L., A. Webb, A.J. Hall, M.W. Pienkowski & D.R. Langslow 1987. Seabirds in the North Sea. Nature Conservancy Council, Peterborough.

SUMMARY

Seabirds at sea between Iceland, Jan Mayen and Greenland

This is a short overview of our bird censusing project in the sea region between Iceland, Jan Mayen and Greenland. This program forms a part of the international "Greenland Sea Project", based on multi-disciplinary expeditions, which have been carried out once a year (in September) since 1987. A four-year data set is therefore available now from the same transects.

Our main task has been to (a) census the bird populations present in this region, (b) sample some of the principal bird species, e.g. for food analysis and (c) try to infer the origin of the birds moving in this region.

The principal bird faunal elements in the Greenland/Iceland Seas in September, are Fulmar *Fulmarus glacialis*, Pomarine Skua *Stercorarius pomarinus*, Glaucous Gull *Larus hyperboreus*, Kittiwake *Rissa tridactyla*, Little Auk *Alle alle*, and Brünnich's Guillemot *Uria lomvia*. Altogether, 39 bird species have been recorded during the four expeditions, and 120 birds of 11 species collected. Analyses of the data are underway.

Preliminary analysis shows that bird density is unusually high in the Greenland/Iceland Seas during September, compared with an open sea area. Probably this is mainly due to birds being on the move from the High Arctic to lower latitudes (cf. Kampp 1988). Brünnich's Guillemots are especially common, and Kittiwakes have been observed on a distinct south-westerly trek.

During the upsurge of work on seabirds at sea in the N Atlantic and Arctic Oceans in recent years (Blake *et al.* 1984, Tasker *et al.* 1987, Mehlum 1989, Danielsen *et al.* 1990), the Greenland/Iceland Seas area has been excluded to a large extent. Also, hardly any quantitative studies on birds and their distribution are available from within the Icelandic Economic Zone. The principal papers are those by Joiris (1976), Brown (1984) and Danielsen *et al.* (1990).

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Ib Krag Petersen, Universitet i København, Zoologisk Museum, Universitetsparken 15, DK-2100 København Ø og land Skovvangsvej 24, Barltse, 5610 Assens, Danmark.

Sefhæna vetrargestur á Höfn

Sumarið 1988 gengum við hjónin að Ránarslóð 6 frá vaskafati í garðinum við húsið okkar og settum í það vatn handa fuglum til að drekka og baða sig í. Fljótt kom í ljós, að þetta var vel þegið, sérstaklega af skógarþröstum *Turdus iliacus*, og síðar af störum *Sturnus vulgaris*, þegar þeir komu um haustið.

Þegar kólna tók í veðri og jörð að frjósa, fórum við að gefa gestum garðsins mat. Við fengum svokallað ungarfóður í fôðurvörudeild kaupfélagsins og kjötsag hjá kjötvinnslu í sláturhúsinu, blönduðum þessu saman og muldum 1-2 brauðsneiðar saman við dagskammtinn. Þessu dreifðum við síðan á autt svæði í garðinum. Þegar leið á haustið, smáfjölgaði matargestum í garðinum og var stundum rifist um baðvatnið. Voru stararnir aðgangsharðastir enda flestir á þessum tíma.

Þann 27. nóvember voru við matarborðið í garðinum 35 starar, 5 skógarþrestir, 5 svartþrestir *Turdus merula*, 1 hettusöngvari *Sylvia atricapilla*, 1 fjallafinka *Fringilla montifringilla* og 1 snjótitlingur *Plectrophenax nivalis*. Dag þennan var stillt og bjart veður og hiti 4 stig. Um hádegis kom í garðinn þrekvaxinn dökkleitur fugl með óreglulega skásetta ljósa rönd á hliðum. Fljótu bragði sáum við ekki hvaða fugl þetta var en brátt kom í ljós að hér var um að ræða evrópskan flækjng sem nefnist sefhæna *Gallinula chloropus*, að öllum líkindum ungfugl enda með grænbrúnt nef. Þegar sefhænan settist í garðinn stansaði hún lítið, gekk þvert yfir svæðið þar sem við höfðum gefið fuglunum mat, og fór yfir í næsta garð. Seinna þennan sama dag kom hún aftur, fékk sér að drekka, baðaði sig í vaskafatinu en stansaði stutt við sem fyrr.

Næsta dag sáum við hana ekki en fréttum af henni í garði innar í bænum. Þann 29. nóvember sást hún hér í næsta garði en kom ekki til okkar. Daginn eftir, þann 30. nóvember, var gott veður og frostlaust. Við gáfum fuglunum matinn, þegar nokkurnveginn var orðið hjart um morguninn, og voru starar og aðrir þrestir fljóttir að taka til matar síns. Kom þá sefhænan, gekk að vatnslátinu og drakk, gekk svo um garðinn en hljóp í felur, ef ókyrrð kom að þröstunum eða vart varð mannaferða í nágrenninu. Fór hún þá

undir nálægt grenitré en kom svo aftur að nokkurri stundu liðinni. Þetta endurtók hún allan daginn, en um kvöldið hvarf hún brott, þegar fór að skyggja.

Næsta morgun kom sefhænan um leið og aðrir fuglar, eða fljótt eftir að við höfðum dreift matnum á sama stað í garðinum. Hún byrjaði á að drekka en síðan gekk hún um og tindi upp ungarfóður, korn og tók líka brauðmola. Næstu daga fór hún líka að næra sig á kjötsaginu. Eftir þetta var hún daglegur gestur hér í garðinum til 13. apríl.

Aðfaranótt 11. desember kom snjór á jörð og hafði kólnað í lofti. Settum við volgt vatn í vaskafatið hjá fuglunum um morguninn og héldum því áfram allan veturinn, skiptum um vatn tvisvar eða oftár á dag eftir því hvað var kalt.

Þennan fyrsta snjókomudag virtist hænana bera sig illa og vera kalt á fótunum. Þar eð hún hélt þeim uppi til skiptis eða lagðist niður og kroppaði upp matinn í kring um sig. Síðan fór hún niður í volga vatnið og virtist kunna vel við það. Ef hún þurfti að hlaupa í felur, fór hún beina leið niður í vatnið þegar hún kom aftur. Eftir þetta var vatnsfatið hennar uppáhalds verustaður.

Eftir að fór að kólna í veðri, fjölgaði fuglum mjög í garðinum. Þá komu snjótitlingar svo tugum og hundruðum skipti, og var maturinn fljóttur að hverfa. Fór þá stundum svo, að lítið var eftir handa sefhænunni, ef hún var sein fyrir á morgnana. Virtist hún hálf feimin og óframfærin, ef fuglahópurinn var stór og stóð þá oft niðri í volga vatninu en sinni síður matnum. Til þess að ráða bót á þessu fór ég (sem á þessum tíma sá að mestu um matargjöfina) að gefa henni aukaskammt í smá hrúgum við vatnsfatið, svo hún gæti náð í það þó hún stæði niðri í fatinu. Fljótt kom að því, að hún lærði á þetta, því oft kom hún í þennan mat um leið og ég fór frá aftur eftir að hafa komið matnum á sinn stað, áveg eins og hún vissi hvað ég hafði verið að gera.

Aldrei komust við að því, hvar hún hafði næturstað, en er leið á vetur sáum við hana fljúga uppí grenitré, bæði rétt hjá vatnsfatinu eða í næsta garði. Einu sinni fór ég að athuga annað tréð þegar byrjað var að dimma að kvöldi, og var þá hænana þar en flaug í garð sem er lengra frá, þar sem eru stór

grenitré. Fannst okkur þetta benda til að hún hefði næturstað í þeim þó það sé ósannað. Í upphafi þessa greinarstúfs sagði ég, að þetta mundi hafa verið ungfugl. Mun það rétt vera, því er leið á vetur fór að gulna á honum nefið, og undir vorið var það orðið vel gult að framan.

Um mánaðamótin mars-apríl fóru flækingsfluglar að hverfa úr garðinum og 13. apríl voru aðeins tveir flækningar eftir, seflhænan og fjallafinka. Og þann 14. apríl kom seflhænan ekki og hefir ekki sést síðan, en þá var hún búin að vera hér á fóðrum samfleytt í 135 daga.

SUMMARY

A Moorhen *Gallinula chloropus* wintering in Iceland

A single juvenile Moorhen *Gallinula chloropus* frequented a garden feeding station at Höfn, E. Iceland, during winter 1988/89 together with other bird species. Starling *Sturnus vulgaris*, Redwing *Turdus iliacus*, Blackbird *Turdus merula*, Blackcap *Sylvia atricapilla*, Brambling *Fringilla montifringilla*, and Snow Bunting *Plectrophenax nivalis*. The bird was first seen on 27 November 1988, but from 30 November until 13 April 1989 it was recorded daily. The bird appeared to roost in nearby ornamental spruce trees at night.

Benedikt Þorsteinsson, Ránarslóð 6, 780 Höfn.

Erlendir fuglarannsóknaleiðangrar árið 1988

Árið 1988 var sex erlendum aðilum veitt leyfi til fuglarannsókna hér á landi. Sem fyrr var það Rannsóknaráð ríkisins sem sá um leyfisveitingar. Umsækjendur skiptust þannig eftir löndum: Bandaríkin (2), Bretland (3) og Svíþjóð (1).

M.K. Stoskopf: Rannsakaði lunda í Vestmannaeyjum, ásamt hópi manna. Einkum var leitað eftir upplýsingum um heilbrigði fuglanna. Ær niðurstöður verða notaðar til að fylgjast betur með heilsufari lunda sem sædýrasafnið í Baltimore hefur í haldi og ættaðir eru frá Vestmannaeyjum.

S.M. Fegley: Umsækjandi var nemandi við háskólann í Minnesota í Bandaríkjunum. Eins og Stoskopf, rannsakaði hún lunda og dvalist í Vestmannaeyjum, Flatey á Breiðafirði og í Grímsey. Umsækjandi fór einnig til annarra landa í sömu erindagjörðum. Tekið var blóð úr fjölda fugla og athuguð erfðasamsetninga þeirra með svokölluðum rafdrætti. Niðurstöður voru bornar saman eftir vörpum og túlkaðar með tilliti til fyrri hugmynda manna um deilitegundir lunda.

T. Alerstam: Rannsóknur var haldið áfram á farhátum vaðfugla og gæsa sem koma hér við á ferð milli vetrarstöðva í Evrópu og varpstöðva á Grænlandi eða í Kanada. Þetta var þriðja árið sem þessum rannsóknum vísindamanna frá Lundi í Svíþjóð er fram haldið hér á landi (sbr. Blika 7: 71). Athuganir fóru fram á vestanverðu landinu.

E.C. Rees: Stundaði rannsóknir á álfutum í Skagafirði og á Jökuldalsheiði á vegum hins fræga andagarðs „The Wildfowl Trust“ (sem nú heitir raunar „The Wildfowl and Wetlands Trust“) í Bretlandi. Athuganir beindust að því að kanna varpárangur álfta og skoða hvort munur væri milli láglendis og hálendis í því tilliti. Margar álftir voru merktar með sérstökum plastmerkjum svo unnt væri að fylgjast með einstökum pörum eða fuglum. Athugunum var haldið áfram á Bretlandseyjum, en þar halda íslenskar álftir einkum til á veturna. Þannig fást t.d. upplýsingar um hvenær ungum er hættast við að drepast.

I.J. Patterson: Umsækjandi, sem er kennari við háskólann í Aberdeen í Skotlandi, kom hingað til að rannsaka grágæs og heiðagæs árið 1987. Hér var um að ræða framhald þeirra rannsókna. Vísar er til fyrri umfjöllunar í Blika 8: 61-62.

M. O'Brian: Rannsóknir umsækjanda, sem er frá háskólanum í Dublin á Írlandi, fóru fram í september og beindust að marggæs. Hún er ein þeirra tegunda fargesta sem stoppa hér um tíma á flugi milli varpsvæða og vetrarstöðva en verpur ekki hér á landi. Fjöldi fugla var talinn og athuguð dreifing þeirra á Vesturlandi, einkum á Mýrum. Almennum lífsháttum marggæsar hefur verið lýst í Blika 5: 57-59.

Ævar Petersen

RITFREGN

Náttúrufræðingur á sunnanverðum Reykjaneskaga.

Útg. Samvinnunefnd um skipu ágs mál á Suðurnesjum, Reykjavík 1989.

Ritstjóri Kristbjörn Egilsson.

85 bls., í stóru broti.

Verð kr. 1000.

Í maí 1990 kom út ritið **Náttúrufræðingur á sunnanverðum Reykjaneskaga**, unnið af Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum. Eví svipar til áður útkominnu rita um Innnes (1985) og Suðurnes (1986) og er raunar beint framhald af hinu síðara, sem fjallaði um norðanverðan Reykjaneskaga. Kristbjörn Egilsson ritstýrði öllum þremur. Hin fyrri voru gefin út af Staðarvalsnefnd um iðnrekstur. Ekki er þó fjallað hér um minjar og landnýtingu á sama hátt og í fyrrnefndum ritum, né heldur spendýr.

Aðalkaflar ritsins eru fimm (höfundar í sviga): Jarðfræði Reykjaneskaga (Haukur Jóhannesson), gróðurfar (Kristbjörn Egilsson), fuglalíf (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson) lífríki fjöru (Agnar Ingólfsson) og verndarsvæði á sunnanverðum Reykjaneskaga (Kristbjörn Egilsson). Hér á eftir verður fjallað lauslega um fuglalífsskaflann.

Kaflinn er um 28 blaðsíður með viðaukum og heimildaskrá, auk þess sem getið er um fugla í lokaorðum/niðurstöðum bókarinnar. Hann skiptist í 10 mislanga undirkafla. Í stuttu máli eru kaflar sem bera eftirtalin heiti: Inngangur, aðferðir og aðföng, yfirlit yfir fuglalíf á sunnanverðum Reykjaneskaga, fargestir, sumargestir og loks hvíldar- og badstaðir máfa. Verða þeim ekki gerð frekari skil hér. Ítarlegri eru kaflarnir um varpfugla, sjófuglabýggðir, mat á þéttleika mófugla og fuglalíf að vetrarlagi.

Varpfuglar – tegundaskrá. Þessum kafla er, eins og nafnið bendir til, fjallað um varpfugla á athugunarsvæðinu, sem náði frá Selatöngum vestur og norður um að Höfn-um. Auk þess fékk Krýsuvíkurborg að fljóta með. Svæðinu norður af berginu (meiri hluti Reykjanesfólkvangs) er að vísu sleppt, þó aðrir kaflar ritsins fjalli einnig um þetta

svæði, en Kleifarvatn og nágrenni eru m.a. innan þess. Gætir þar ósamræmis, sem er bagalegt. Fram kemur, að varpfuglafánan er fremur fábreytt, enda kjörlendi einsleitt. Sjófuglar setja mestan svip á fuglalífið. Um 37 tegundir eru árvissir varpfuglar og rúmlega 15 til viðbótar hafa orpið.

Sjófuglabýggðir. Út frá framansögðu er ekki óeðlilegt, að sjófuglabýggðirnar fái ítarlega umfjöllun. Kríuvörpin ber þar fyrst á góma. Öll kríuvörp á athugunarsvæðinu voru kortlögð og varppörin talin. Stærstu vörpin eru við Hraun austan Grindavíkur og á Reykjanesi. Í ljós kom, að síðarnefnda varpið er eitt hið stærsta á landinu, áætlað 10.500 pör. Er þetta í fyrsta sinn, svo mér sé kunnugt, að gerð er tilraun til að meta fjölda varppara í svo stóru kríuvarpi hérlendis með víðurkenndum aðferðum (hreidur talin á stöðvum á sniðum og meðalþéttleiki fundinn sem margfeldi af flatarmáli varpsins, mælt á loftmynd).

Fuglabjörg. Þau stærstu á athugunarsvæðinu eru Krýsuvíkurborg, Festarfjall og grennd, Eldey og Hafnaberg. Ekki voru þessi björg könnuð sérstaklega fyrir þessa úttekt (nema Festarfjall), heldur var stuðst við eldri gögn, aðallega frá Arnþóri Garðarssyni, en einnig frá Þorsteini Einarssyni o.fl. Sérstaklega er fjallað um bjargfuglanytjar, bæði einstakar tegundir, svo og björgin hvert fyrir sig. Viðauka er tafla yfir bjargfuglatekju á árunum 1897-1941. Er þessi úttekt öll hin fróðlegasta.

Mat á þéttleika mófugla. Notaðar voru sniðtalaningar skv. „finnsku aðferðinni“ sva-kölluðu við þessar athuganir, eða það sem nefnt hefur verið íslenska útgáfan af finnsku aðferðinni. Er þetta í fyrsta skipti sem niðurstöður mófuglatalningar með þessari aðferð birtast hérlendis (en síðan hafa fleiri birst, sjá Blika 9). Talið var á átta sniðum á einsleitum svæðum, s.s. í hraunum og á söndum. Í ljós kom, að varppéttleikinn (pör á km²) er líttill, algengustu tegundir eru heidlóa, spói, þúfutittlingur og snjóttittlingur. Það sem mér þótti helst athugasemjulegt var tímasetningin, en huga þarf að því hvenær fuglarnir eru virkastir, þegar slík talning er tímasett. Á ég þá bæði við hvenær dags og hvenær á varptímanum talið er. Morgnarnir eru skilyrðislaust virkasti tími allra mófugla, en það fer raunar nokkuð eftir veðri hvenær virknin dettur niður. Jafn-

framt er breytilegt hvenær á varptíma best er að telja hinar ýmsu tegundir. Enn er langt í land með að þróa aðferðir til að mæla þéttleika mófugla hérlandis.

Í umfjöllun um fuglalíf að vetrarlagi var fyrst og fremst stuðst við gögn úr s.n. jólatalningum á svæðinu frá Festarfjalli að Stað. Alls sáust 54 tegundir 1953-1986, þ.a. voru 15 árvissar, að meðaltali sáust um 30 tegundir. Er þetta fjölskrúðugt vetrarfuglalíf á hérlandan mælikvarða, enda fjörur lífríkar og sjávarhiti í herra lagi í þessum landshluta.

Helsti styrkur fuglakafans er markviss útivinna og ítarleg heimildasöfnun, en þar slær þetta rit út systurritin sem getið var hér

í upphafi. Útivinna við gerð Suðurnesjariðsins var nær engin.

Rit þetta er hið eigulegasta fyrir alla unndur fugla og náttúru. Prentun og frágangur er viðunandi, en þó ekki eins vandadur og við systurritin. Nokkrar litmyndir prýða verkið, svo og fjöldi korta, sum þeirra litprentuð að hluta. Prent- eða ritvillur eru fullmargar, en þó hefi ég ekki fundið neinar sem skaði er að. **Náttúrufar á sunnanverðum Reykjaneskaga** fæst á Náttúrufræðistofnun við Hlemm.

Jóhann Óli Hilmarsson



FRÉTTIR

Fyrsta „Evrópska fuglavikan“

Blika hefur borist neðangreind tilkynning, sem hér er birt í íslenski þýðingu, lítið eitt stytta:

Ráðgert er að halda alþjóðlegt mót fyrir evrópska fuglaskoðara á eyjunni Texel í Hollandi. Mótíð verður haldið frá laugardegi 12. október til sunnudags 20. október 1991.

Markmiðið mótsins er að auka samskipti milli evrópska fuglaskoðara og skiptast á upplýsingum um greiningar á fuglum. Allir fuglaskoðarar eru boðnir velkomnir til Texel, en eyjan er kunn fyrir gæsir, vadfugla, spörfugla sem koma þar við á farflugi sínu og flækingsfugla. Á síðustu árum hafa t.d. sést þar sandtríll, gulllóa, bláskotta og gulþröstur.

Á daginn er ráðgert að skoða fugla úti við, en á kvöldin sækja þátttakendur fyrirlestra og keppa í fuglagreiningum. Hluti þátttakenda mun fjalla um starf evrópskra dómnefnda um flækingsfugla og fuglagreiningar.

Fyrsta „Evrópska fuglavikan“ er skipulögð af stjórnnum fuglatímaritanna *Belgian Birding Magazine*, *Dutch Birding* og *Limicola*. Mörg önnur tímarit styrkja mótíð í Texel, þ.a.m. *Dansk ornithologisk Forenings Tidsskrift*, *Lintumias*, *Notaki Ornitologiczne* og *Vřr Fřgelvřrld*.

Upplýsingar um gistingu er að fá hjá *VVV Texel, Groeneplaats 9, 1791 CC Den Burg, Netherlands*. Allar almennar upplýsingar fást hjá *Dutch Birding, postbus 75611, 1070 AP Amsterdam, Netherlands*.

CONTENTS

Ævar Petersen & Sverrir Thorstensen: Bumblebee <i>Bombus jonellus</i> (Kirby) colonies in passerine nests	1
Skarphéðinn Þórisson: The Bee-eater <i>Merops apiaster</i> recorded in Iceland	10
Benedikt Forsteinsson, Elínborg Pálsdóttir & Ævar Petersen: A Barnacle Goose <i>Branta leucopsis</i> forming a trio with Grey-lag Geese <i>Anser anser</i>	12
Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson & Erling Ólafsson: Rare birds in Iceland in 1988	15
Skarphéðinn Þórisson: The Mute Swan <i>Cygnus olor</i> recorded in Iceland	50
Ólafur Karl Nielsen: A territorial Broad-billed Sandpiper on Tjörnes, NE Iceland	51
Sverrir Thorstensen: Mistle Thrush <i>Turdus viscivorus</i> breeds in Iceland	55
Ornithological research in Iceland: Seabirds at sea between Iceland, Jan Mayen and Greenland	57
A Moorhen <i>Gallinula chloropus</i> wintering in Iceland	61
Miscellaneous	62
Book review	63
Announcements	64

EFNI

Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen: Hunangsflugnabú í hreiðrum spörfugla	1
Skarphéðinn Þórisson: Býsvelgur heimsækir Ísland	10
Benedikt Þorsteinsson, Elínborg Pálsdóttir og Ævar Petersen: Helsingi í slagtogi með grágæsnum	12
Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Erling Ólafsson: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1988	15
Skarphéðinn Þórisson: Hnúðsvanur fylgir álftum til Íslands	50
Ólafur Karl Nielsen: Efjutíta syngjandi á Tjörnesi	51
Sverrir Thorstensen: Mistilþröstur verpur í Bárðardal	55
Fuglarannsóknir á Íslandi: Athuganir á sjófuglum á hafi úti	57
Sefhæna vetrargestur á Höfn	61
Erlendir fuglarannsóknaleiðangrar árið 1988	62
Ritfregn	63
Fyrsta „Evrópska fuglavikan“	64